



Starfsskýrsla og reikningar FRÍ 2016 - 2017

61. Frjálsíþróttahringur

Kópavogi 23. og 24. mars 2018

Starfstíminn frá 1. maí 2016 til 24. mars 2018



Dagskrá 61. Frjálsíþróttapings í Kópavogi

Föstudagur 23. mars

Tími	Dagskrárliður
16:20	Skráning þingfulltrúa hefst
16:50	Skráningu þingfulltrúa og frágangi kjörbréfa lýkur
17:00	Þingsetning og kjör starfsmanna og nefnda þingsins Ávarp formanns Ávörp gesta Afhending heiðursviðurkenninga
17:45	Stutt hlé
17:55	Skýrsla stjórnar og reikningar Umræður um skýrslu og reikninga Framlagning mála
19:15	Matarhlé á Kópavogsvelli
20:00	Nefndarstörf

Laugardagur 24. mars

Tími	Dagskrárliður
8:00	Morgunhressing og störf í nefndum
10:00	Umræður og afgreiðsla þingmála
12:00	Hádegisverðarhlé
13:00	Kosningar Kjör formanns og stjórnarmanna Kjör formanna fastanefnda Kjör skoðunarmanna reikninga Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSí
13:40	Þingstörf halda áfram að kosningum loknum, ef þörf krefur þingslit



Pingfulltrúar

Kæru pingfulltrúar,

fyrir hönd stjórnar FRÍ býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin til 61. Frjálsíþróttapings sem að þessu sinni er haldið í Smáranum í Kópavogi.

Pingið er rafrænt og líklegast að þú sért að lesa þessar línur af skjá en ekki pappír. Stjórn FRÍ hefur undirbúið þetta þing ásamt starfsfólki og fleira góðu fólki með það að markmiði að gera það sem skilvirkast fyrir þingfulltrúa. Ef þér finnst eitthvað vanta upp á skilvirknina biðjum við þig vinsamlegast um að senda okkur línu á fri@fri.is með góðum ábendingum.

Það er ekki aðeins skýrslan sem er rafræn heldur er nú unnið með allar tillögur á einum og sama staðnum í Google Drive geymslu FRÍ.

Okkur til aðstoðar í tæknimálum á þessu þingi eru tveir efnilegir háskólanemar, Sindri Magnússon og Gísli Freyr. Er þeim færðar bestu þakkir.

Þá vil ég þakka laganefnd FRÍ sem hefur yfirfarið og undirbúið tillögur fyrir þingið ásamt Gunnari Svavarssyni ritara stjórnar og Helgu Guðnýju Elíasdóttur verkefnastjóra.

Sérstakar þakkir til Kópavogsbæjar sem býður okkur hér upp á góða aðstöðu og kvöldverð á Kópavogsvelli fyrri þingdag. Sömuleiðis kærar þakkir til frjálsíþróttadeildar Breiðabliks sem mun dekra við okkur með kaffi og mat. Takk fyrir okkur!

Megi þingið verða starfsamt og gott og gefa okkur öllum kraft til að efla íþróttina okkar saman næstu árin.

Freyr Ólafsson, formaður FRÍ

	Iðkendur	Pingfulltrúar
HHF	13	2
HSB	138	4
HSK	978	13
HSS	21	2
HSV	78	3
HSP	77	3
ÍBA	205	6
ÍBH	860	12
ÍBR	1801	22
ÍBV	74	3
UDN	105	4
UÍA	125	4
UMSB	122	4
UMSE	71	3
UMSK	480	8
UMSS	208	6
USAH	83	3
USÚ	17	2
USVH	22	2
USVS	61	3

Efnisyfirlit

STARFSSKÝRSLA STJÓRNAR - SAMANTEKT 6

Alþjóðlegt samstarf 8
 RIG-leikarnir 2017 og 2018 9
 Íþrótt- og afreksmál 9
 Fagteymi 10
 Frekar af störfum stjórnar 10
 Viðurkenningar 15
 Viðurkenningar árið 2016 15
 Viðurkenningar árið 2017 15
ALPJÓÐLEG KEPPNI 17
 Mót árið 2016 17
 Smáþjóðameistaramót 17
 NM unglunga í fjölþrautum 17
 Bauhaus Junioren Gala 17
 Evrópumeistaramót 17
 EM U18 18
 HM U20 18
 NM U20 18
 Ólympíuleikar 18
 Mót árið 2017 18
 NM innanhúss 18
 EM innanhúss 18
 Bikarkastmót Evrópu 19
 Smáþjóðaleikar 19
 HM í utanvegahlaupum 20
 NM í fjölþrautum U23 20
 Evrópubikarkeppni landsliða 21

Bauhaus Junioren Gala 22
 Evrópumeistaramót U23 22
 Evrópumeistaramót U20 23
 Ólympíudagar æskunnar 23
 Heimsmeistaramót 24
 NM U20 ára 24
 NM í víðavangshlaupum 25
SKÝRSLUR NEFNDA FRÍ 26
 Dómaranefnd 26
 Fræðslu- og útbreiðslunefnd 27
 Íþrótt- og afreksnefnd 28
 Íþróttamannanefnd 28
 Laganefnd 28
 Langhlaupanefnd 29
 Móta- og mannvirkjanefnd 29
 Orðunefnd 30
 Skráningarnefnd 30
 Unglinganefnd 31
 Öldungaráð 32
ÍSLANDSMET 2016 36
 Utanhúss 36
 Innanhúss 39
ÍSLANDSMET 2017 42
 Utanhúss 42
 Innanhúss 45
VIÐAUKAR, ÁRSREIKNINGAR FRÍ 48



STARFSSKÝRSLA STJÓRNAR - SAMANTEKT

Það var komið vor í Laugardalnum í Reykjavík þegar ný stjórn FRÍ var kjörin á 60. Frjálsíþróttapeingi þann 1. maí 2016. Fljótlega skipti stjórnin með sér verkum og var svo skipuð lengst af:

Freyr Ólafsson, formaður
Fríða Rún Þórðardóttir, varaformaður
Guðlaug Baldvinsdóttir, gjaldkeri
Lóa Björk Hallsdóttir, ritari
Gunnar Svavarsson, meðstjórnandi.

Lóa Björk og Gunnar höfðu síðan sætaskipti á stjórnarfundi 3. janúar 2018.



Gunnar, Fríða Rún, Freyr, Lóa og Guðlaug

Í varastjórn voru kjörin:
Eiríkur Mörk Valsson
Helgi S. Haraldsson
Björg Ágústsdóttir
Sonja Sif Jóhannsdóttir
Lovísa Hreinsdóttir

Stjórn hélt alls 34 formlega fundi á starfstímabilinu en auk þess var margt rætt og jafnvel ákvarðað í umræðuhópi stjórnar á Facebook sem og í tölvupósti.

Stjórnin lagði á það áherslu að skerpa starfssvið fastanefnda og sjálfstæði þeirra frá stjórn. Innan stjórnar voru skipaðir tengiliðir nefnda. Sjálfstæðið gaf nefndunum mörgum hverjum mikinn kraft. Margar þeirra unnu hreint frábært starf á tímabilinu. Verður

sérstaklega að taka fram mikið og gott starf sem unglínganefnd og langhlaupanefnd unnu á tímabilinu, án þess að hallað sé á nokkurn hátt á frábært starf annarra fastanefnda.

Annað áhersluatriði stjórnar snerist að fjárhagslegri afstemmingu, nánar lýst í skýrslu gjaldkera með ársreikningum hvors árs. Þrátt fyrir að tölur hafi verið hvanngærnar og fagar frá fyrri stjórn, þá voru ófáir lausir endar og margt úppgert og ófrágengið. Gerði þetta stjórnina órugga um raun fjárhagsstöðu framan af.

Þriðja áhersluatriðið snýr að afreksmálum en þar var mikið starf unnið með ÍSÍ, með nýjum Afreksstjóra og með sambandsaðilum við gerð afreksstefnu, aðgerðaráætlunar og loks með nýjum Afrekssjóði FRÍ. Afgreiðslu og framgang einstaka mála fráfarandi stjórnar má lesa í opinberum [fundargerðum stjórnar](#), sem og í kaflanum „Frekar af störfum stjórnar“, aftar í þessari skýrslu, en eftirfarandi gleðjumst við sérstaklega yfir:

- Ný heimasíða sett í loftið á [www.fri.is](#)
- Facebook síða FRÍ virkjuð og eflað
- FRÍ af stað á Instagram
- FRÍ af stað á Snapchat
- Myndasafn FRÍ opnað á Flickr: [flickr.com/icelandathletics](#)
- Valaðferðir í landslið opinbera
- Tímasetningar landsliðsverkefna opinber
- Stefna FRÍ í unglíngamálum unnin og opinberuð, þökk sé unglínganefnd
- Ný afreksstefna FRÍ unnin og kynnt
- Aðgerðaráætlun FRÍ í afreksmálum unnin og kynnt
- Grunnur lagður að Afrekssjóði FRÍ
- Margt gert í langhlaupamálum s.s. ný reglugerð um götuþlaup, námskeið fyrir þjálfara og mælingamenn, þökk sé langhlaupanefnd
- Nýr framkvæmdastjóri og verkefnastjóri
- Ágætis afgangur af rekstri

Vel hefur gengið á tímabilinu að semja við nýja samstarfsaðila. Slíkt er vaxandi sambandi eins og FRÍ ómetanlegt. Samstarfssamningar eru nú virkir við eftirfarandi fyrirtæki, í stafrósröð:

- Advania
- Bílaleiga Akureyrar
- Hótel Cabin
- Nike
- Svefn & heilsa
- Valitor

Auk ofangreindra komu fjölmargir velviljaðir að sem samstarfsaðilar RIG 2017 og 2018.

Þá hefur sambandið hlotið eftirfarandi styrki á tímabilinu:

- Athletics Olympic Dividend styrkur Alþjóða frjálsíþróttasambandsins (IAAF), til hlaupaverkefnis FRÍ
- Styrktarsjóður ÍSÍ og Íslandsbanka, vegna stórmóta- og úrvalshóps ungmenna
- Íþróttasjóður, vegna nýs fræðsluferfis FRÍ
- Verkefnasjóður ÍSÍ, vegna útbreiðslu- og kynningarmála FRÍ
- Sambandsstyrkur EAA til eflingar skrifstofu FRÍ

Þessi ánægjulegi árangur í öflun samstarfsaðila og styrkja, mikið sjálfbóðastarf stjórnar og aðhaldssemi varðandi öll óþarfa útgjöld, að ógleymdri ánægjulegri viðbótarúthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ síðla árs 2017, skilar sér í mjög jákvæðum rekstri sambandsins. Nú teljum við okkur hafa lagt grunn að sókn á nokkrum sviðum.

Sóknin sem stjórn hefur helst í huga er á eftirfarandi fjórum sviðum.

1. Hlaup og lýðheilsa

Frjálsar eru hlaup, stökk, köst og kappganga, fyrir alla aldurshópa. Þjóðin eldist og vart má sjá að önnur íþrótt sé aðgengilegri en frjálsar, sér í lagi ganga og hlaup. Við sjáum fyrir okkur stóraukið hlutverk á sviði lýðheilsu og öflugt innlent sem alþjóðlegt samstarf á þessu sviði á næstu árum.

2. Fræðslu- og útbreiðslustarf

Stuðningur FRÍ við nýliðun og endurmenntun þjálfara er lykill að framtíð íþróttarinnar okkar. Fræðsluferfi þarfnast endurskoðunar.

Mikil þörf er á að koma útbreiðsluverkefni á að nýju, verkefni sem nær til alls landsins. Danskur fyrirmyndir, s.s. SkoleOL og royalrun.dk, eru hvatning til dáða.

3. Áframhald á eflingu afreksmála

Grunnur hefur verið lagður með afrekssstefnu og Afrekssjóði FRÍ. Nú er að sækja fram með afrekfólki og afreksefnum.

4. Sterk skrifstofa fyrir hreyfinguna

Stöðugleiki í starfi FRÍ næst aðeins með stöðugleika og styrk skrifstofu FRÍ. Hversu góðir sem stjórnarmenn og aðrir sjálfbóðaliðar eru þá eru takmörk fyrir því hvað þeir geta dregið starfið langt.

Sterk skrifstofa getur stutt við félög og deildir og slíka skrifstofu hljóta sambandsaðilar að vilja.



Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf hefur verið mikið og gott á tímabilinu. Nánasta samstarfið sem fyrr hefur verið við nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum. Freyr Ólafsson sótti formannabing í Kaupmannahöfn árið 2017 og nú í mars 2018 áhugavert þing í Stokkhólmi. Jóney Hrönn Gylfadóttir sótti fund framkvæmdastjóra Norðurlanda í Kaupmannahöfn í september 2016 og Guðmundur Karlsson í Stokkhólmi í september 2017.

Frá vori 2017 hefur verið unnið að því að koma á samnorrænum samstarfs- og þróunarvettvangi í frjálsum. Vænta samböndin mikils af samstarfinu.

Þá hefur norrænu samtökunum borist liðsstyrkur á undanförunum þingum þar sem Hollendingar hafa tekið þátt í ályktunum og fulltrúi hollenska sambandsins sótti þing norrænna formanna í Stokkhólmi á dögnum.

Mikill kraftur hefur verið á starfstímabilinu hjá heildarsamtökum okkar European Athletics sem og IAAF.

Ný stjórnarskrá IAAF var samþykkt á aukabingi samtakanna í Mónakó í desember 2016. Var það stór áfangi fyrir forseta samtakanna, Bretann Sebastian Coe, sem hafði farið um heiminn til þess að vinna hinni nýju stjórnarskrá brautargengi. Áfram var unnið með nýju stjórnarskrána og breytingar samþykktar á henni á þingi í London sumarið 2017. Freyr formaður FRÍ var fulltrúi sambandsins á báðum þingum.



Freyr Ólafsson og Sebastian Coe fagna nýsamþykktari stjórnarskrá IAAF í Monakó

Þá var Freyr formaður viðstaddur ásamt fjölmenni þegar nýtt hús frjálsíþróttanna í Evrópu, skrifstofa European Athletics (EAA), var opnað að viðstöddu fjölmenni í nóvember 2016.

Samtök evrópskra smáþjóða í frjálsum, AASSE, áttu sömuleiðis farsælt samstarf. Eitt stærsta sameiginlega verkefni samtakanna var nýtt mót, Smáþjóðameistaramót í frjálsum sem fór fram sumarið 2016, sérstaklega styrkt af EAA. Einn aðalhvatamaðurinn að mótinu var heiðursformaður FRÍ, Jónas Egilsson. Jónas vann ötullega að því að koma mótinu á sem formaður AASSE. Þetta mót heppnaðist svo vel að EAA ákvað að halda áfram stuðningi sínum við það. Áhugi er innan AASSE sem og EAA að Smáþjóðameistaramótið verði haldið á Íslandi. Meðan þjóðarleikvangurinn í frjálsíþróttum er ekki hæfur fyrir alþjóðlega keppni getur hins vegar ekki orðið af því.

Annað farsælt samstarf á tímabilinu:

- Gunnhildur Hinriksdóttir sótti tækniþing Norðurlanda í Helsinki.
- Sigurður Haraldsson sótti dómaramámskeið í Pravets í Búlgaríu.

- Lóa Björk Hallsdóttir tók þátt í samstarfi IAAF fyrir konur í frjálsum, WIWA og þingi þess í London.
- Guðmundur Karlsson sótti afreksráðstefnu European Athletics í Vín.
- Fjóla Signý Hannesdóttir var fulltrúi FRÍ á námsstefnu ungra leiðtoga í Evrópu, tengt EM 2016 í Amsterdam, sjá [EAYL](#).



Fjóla Signý Hannesdóttir á leið á EAYL

- Sigurður Þórarinnsson var fulltrúi FRÍ á ráðstefnu EAA um hlaupamálefni í Frankfurt: European Running Business Conference.
- Freyr Ólafsson sótti árlegt evrópskt samstarfs- og mótþing á Madeira 2016 og í Litháen 2017.
- Freyr Ólafsson sótti fræðsluþing IAAF í London, [Athletics Connect](#).

RIG-leikarnir 2017 og 2018

FRÍ stóð að frjálsíþróttahluta WOW Reykjavík International Games árin 2017 og 2018. Mótið er stór viðburður í frjálsíþróttalífnu. Mótið er hluti af European Athletics Indoor permit mótunum og hefur verið sýnt í beinni útsendingu á RÚV.

Bæði árin kom mótið vel út, hvort heldur er íþróttá eða fjárhagslega. Má þakka það meðal annars bráðgóðum undirtektum samstarfsaðila okkar.

Mótið fær nú orðið athygli og áhuga víðs vegar. Nú í ár, 2018, tóku alls 25 erlendir keppendur þátt í mótinu og þurfti að vísa nokkrum áhugasömum frá.



Aníta Hinriksdóttir leiðir 800m hlaup á RIG 2018

Íþróttá- og afreksmál

Feikn vel hefur gengið á tímabilinu hjá afreksfólkinu okkar. Einstaka afrek eru rekin í síðari köflum en vert er að minnast sérstaklega á brons Anítu Hinriksdóttur frá EM í Belgrad 2017.

Aníta og Ásdís Hjálmsdóttir náðu báðar 10. sæti á EM í Amsterdam 2016 og Ásdís tókst að komast í úrslit á HM í London 2017 þar sem hún náði 11. sæti. Síðast en ekki síst þá hefur Ísland aldrei átt fleiri þátttakendur á EM U23 en árið 2017, eða alls níu keppendur og tvenn verðlaun!

Það er óhætt að segja að það hafi verið vel eftir þessum árangri tekið og mikilvægt þegar endurskoðun allra afreksstyrkja hjá ÍSÍ stóð yfir. Segja má að bylting hafi orðið í styrkjamállum með aukinni úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ.

Á milli þinga var mikið unnið í afreksstefnu FRÍ. Stefnan var send sambandsaðilum til kynningar og um hana var fjallað og helstu stef hennar samþykkt á formannafundi FRÍ vorið 2017. Stefnan og aðgerðaáætlun, auk nýrrar reglugerðar um Afrekssjóð FRÍ eru rammi að nýrri nálgun og umhverfi í afreksmálum FRÍ. Sú stóra breyting er nú að verða frá fyrri tíð að umsýsla og ábyrgð á styrkúthlutunum færast frá ÍSÍ og til sambandsins. Fögnum við í stjórn þessu þar sem við erum nú sannarlega í mun betri stöðu til þess að styðja við afreksíþróttafólk okkar og

jafnframt að bæta ramma utanum starf þeirra.

Mjög gott starf var unnið innan ÍSÍ við endurskoðun á reglugerðum Afrekssjóðs ÍSÍ. Nú eru sambönd flokkuð eftir árangri og umgjörð starfs. FRÍ er nú í flokki A-sambanda (sjá [flokkin ÍSÍ](#)). Sannarlega kærkomið og vel þegið, en um leið setur það umtalsverða jákvæða pressu á sambandið að standa faglega og vel að öllu sínu starfi.

Þörfin fyrir sterkari skrifstofu hjá FRÍ með afrekstjóra er mikil og augljós.

Fagteymi

Undanfarið hefur verið unnið að því að koma á nýju fagteymi FRÍ. Fagteymið vinnur með afrekssfólki FRÍ bæði í hópi fullorðinna sem úr hópi ungmenna.

- Ásmundur Jónsson, *nuddari*
- Atlas endurhæfing, *sjúkráþjálfun*
- Friða Rún Þórðardóttir, *næringarráðgjöf*
- Stefán Guðmundsson, *læknir*
- Sálfræðiteymi Gallup



Arna Stefanía Guðmundsdóttir

Frekar af störfum stjórnar

Stjórn FRÍ hefur fjallað um fjölmörg málefni á síðastliðnum tveimur starfsárum. Nánar má lesa um afgreiðslu einstakra mála í [fundargerðum stjórnar](#) en hér er vikið að því helsta.

Nokkur vinna fór í að undirbúa og skilgreina regluverk vegna afrekssstefnu FRÍ og í kjölfarið Afrekssjóðs FRÍ. Var sú vinna unnin í kjölfar reglubreytinga hjá ÍSÍ um Afrekssjóð ÍSÍ og kröfur til sérsambanda. Aðildarfélögum voru send drög að afreksreglum FRÍ og var málið lagt til grundvallar á tveimur formannafundum, vorið 2017 og haustið 2017. Almenn ánægja var með vinnuna vegna afreksmálanna og var fyrsta úthlutun á grunni reglnanna kynnt á uppskeruhátið FRÍ í desember 2017.

Stjórn FRÍ hefur rætt nokkuð um blandaða keppni karla og kvenna þá sérstaklega í yngri aldursflokkum. Málið komst á góðan rexpöl og fyrir liggja greinargóðar reglur og túlkanir á reglum vegna þessa. Allt gert til þess að styðja við fjölgun iðkenda, sérstaklega hjá fámennari félögum.

Búningamál FRÍ voru endurskoðuð á árinu 2017 en samningur sem FRÍ hafði við Altis rann út á árinu 2016. Gerður var framhaldssamningur en eftir keppnissumarið 2017 voru aðilar ásáttir um að leiðir myndi skilja í samvinnu á grunni tæknilegra atriða m.a. í útfærslu keppnisbúnings. FRÍ þakkar Altis fyrir góða samvinnu á undanförunum árum. Samdi FRÍ við Icepharma í kjölfarið og keppir undir Nike merkinu frá og með vetrarbyrjun 2017.

Rætt var um dómaramál í tengslum við störf dómara nefndar. Farið var yfir möguleika á þjálfun dómara og almennar úttektir á störfum þeirra. Mikilvægt er að fjölga í dómara stéttinni og um leið að tryggja að dómara störfin séu unnin af metnaði og alúð. Vel má vera að það þurfi að horfa til annarra sérsambanda í þessum efnum, t.d. með greiðslu fyrir aðkomu að viðamiklum störfum. Mikilvægast er þó að til staðar séu dómara á öllum mótum þannig að þau megi fara fram skv. regluverkinu.



Langflest erindi sem stjórn FRÍ tekur fyrir eru tengd vali á keppnisfólki í einstaka keppnisferðir. Erindin berast flest frá ÍPA, unglínganefnd eða langhlaupanefnd. Stjórn FRÍ hefur nokkrum sinnum rætt þann möguleika að verklag við val á íþróttafólki í landsliðsverkefni krefjist minni aðkomu FRÍ en nú er. Í kjölfar keppnissumarsins 2016 setti stjórnin niður dagatal vegna 2017 þar sem val- og skráningardagsetningar voru fyrirfram ákveðnar. Einnig hverjir kæmu að ákvörðuninni og hverjir væru með umsögn. Vinnan gekk mun betur fyrir sig sumarið 2017. Mikilvægt er að rýna reglulega þessa vinnuferla og gera þá sem skilvirkasta, í samræmi við það sem reynslan kennir okkur. Tryggja þarf að viðmið/lágmörk/reglur vegna utanlandsmóta séu skýrt fram sett og leikreglur öllum ljósar, s.s. kostnaðarhlutdeild og afreksstyrkir.



María Rún Gunnlaugsdóttir í langstökki

Á nær hverjum stjórnarfundum FRÍ var fjallað um fjármál hreyfingarinnar. Rætt var um innheimtu á þjónustutekjum og styrkjum og einnig um gjaldahlíðina og uppgjör á einstaka verkefnum, s.s. RIG eða NM-mótum innanlands. Fjármálin tengjast með beinum og óbeinum hætti rekstri skrifstofu FRÍ og starfsmannahaldi. Settur var niður sérstakur skrifstofuhópur þriggja stjórnarmanna til að fara yfir einstök mál á milli stjórnarfunda. Strax í sumarbyrjun 2016 var ljóst að grípa þurfti til ráðstafana í starfsmannamálum, breyta til og fjölga um leið í kjölfarið verkefnastjórum. Skipulagið er í sífelltri skoðun en stefnan er að hafa fastráðna starfsmenn til að sinna þeim verkefnum sem augljóst er að sambandið þarf að vinna og má þar m.a. nefna afreksmálin, unglíngamálin og sérstök verkefni eins og hlaupaverkefni.

Ráðning nýs framkvæmda- og afreksíþróttastjóra, Guðmundar Karlssonar, fór fram veturinn 2016-2017 eftir að breytingar urðu í starfsmannahaldi. Stjórn FRÍ þakkar Árna Þorsteinssyni fv. framkvæmdastjóra fyrir samstarf og samvinnu á skrifstofu FRÍ og óskar honum góðs gengis hér eftir sem hingað til. Guðmundur er íþróttifræðingur MSc. frá Íþróttaháskólanum í Köln og hefur áður komið að störfum FRÍ sem landsliðsþjálfari í frjálsíþróttum, á árunum 1988-1990 og 2002-2004. Guðmundur starfaði við íþróttajálfun um áratugaskeið með góðum árangri og á hann einnig farsælan feril að baki sem íþróttamaður og landsliðsmaður í frjálsíþróttum í 17 ár. Með ráðningu Guðmundar fékk Frjálsíþróttasambandið öflugan fag- og rekstrarmann með mikla reynslu innan íþróttahreyfingarinnar héraðs og erlendis.

Tveir verkefnastjórar hafa einnig starfað á skrifstofu FRÍ með góðum árangri á starfstímabilinu 2016-2018. Jóney Hrönn Gylfadóttir og Helga Guðný Elíasdóttir. Má segja að með tilkomu þeirra hafi skrifstofa FRÍ eftst í hvívetna þrátt fyrir að um tímabundnar ráðningar hafi verið að ræða af beggja hálfu, en stjórnin þakkar þeim fyrir góð störf og óskar þeim velfarnaðar í öðrum verkefnum. Það er von stjórnar FRÍ að leiðirnar geti áfram legið saman með einum eða öðrum hætti enda eru þær Jóney Hrönn og Helga

Guðný frjálsíþróttahreyfingunni að góðu kunnar, sem keppendur og brautryðjendur.

Í lok hvers árs er farið yfir umsögn ÍBA vegna útnefninga á frjálsíþróttakarli og frjálsíþróttakonunni ársins. Má segja að með þeirri ákvörðun, sem er síðan formlega tilkynnt á uppskeruhátíð FRÍ og síðan endurtekin á viðurkenningarhátíð ÍSÍ í tengslum við val á Íþróttamanni ársins, sé punkturinn settur yfir i-ið á góðu starfsári frjálsíþróttanna. Afreksíþróttamennirnir sem koma til greina eru alltaf fleiri en einn og fleiri en tveir og virkilega gott að geta litið yfir starfs- og keppnisárið með það að leiðarljósi að meta árangurinn og stefna að því að næsta ár verði enn betra. Langt er síðan sú hefð var tekin upp hjá Frjálsíþróttasambandinu að velja hvorutveggja karl og konu í lok hvers árs, en lengst af á síðustu öld var aðeins einn einstaklingur valinn fyrir afrek sín.

Samstarf við fjölmiðla hefur verið með ágætum. Mest er samstarfið við RÚV en íþróttadeild RÚV hefur verið einna duglegust að fylgja eftir frjálsíþróttakeppnum hérlendis og erlendis. Má m.a. minnst á beina útsendingu frá EM í Amsterdam 2016 og HM í London 2017. Aðrir fjölmiðlar hafa einnig flutt fréttir jafnóðum eða með samantektum en ljóst er að með tilkomu samfélagsmiðla og streymisfrétta þá hefur umfjöllun um íþróttaviðburði tekið breytingum. FRÍ þarf með einum eða öðrum hætti að fylgja eftir þeim breytingum og stuðla að því að mót hérlendis taki mið af þeirri áskorun sem breytingarnar hafa í för með sér.

FRÍ varð 70 ára 16. ágúst 2017. Urðu veisluhöld og útgáfa minni en til stóð í upphafi. Ástæður þess að ekki var farið í viðamiklu útgáfu á blaði eða riti snérist fyrst og fremst um óvissu í fjárhagslegum verkefnum á vegum FRÍ. Þá þótti ekki ástæða til að halda sérstakt afmælishóf heldur láta afmælið rennan saman við uppskeruhátíðina 2017 og bjóða á hana sem flestum velunnurum FRÍ.

FRÍ ehf. er einkahlutafélag í eigu sambandsins. Félagið var sett saman fyrir um tíu árum er hugmyndir voru m.a. uppi um að aðskilja áhættu- og samkeppnisrekstur frá venjubundnum verkefnum FRÍ. Félagið er eignalaust og í því fer engin starfsemi fram. Stjórnarmenn FRÍ

eru stjórnarmenn FRÍ ehf. Stjórn FRÍ hefur talið að verðmæti séu bundin í stofnun og tilvist félagsins og því beri að viðhalda félaginu, án starfsemi. Um leið og það breytist verður félagið lagt niður.

Stjórn FRÍ fór strax á árinu 2016 fram með opna stjórnarfundum. Lagt var upp með að heimsækja sem flest aðildarfélög. Verkefnið hefur gengið vel þó að ekki hafi náðst að funda með öllum félögum. Miklar og góðar upplýsingar hafa farið á milli á fundum sem þessum, en einnig hefur á nokkrum stöðum verið tækifæri til að eiga samræðu við íþróttayfirvöld í sveitarfélaginu og er slík samræða af hinu góða. Er ljóst að opnir stjórnarfundir eru komnir til að vera sem einn af lykilþáttum í samræmingu og upplýsingastreymi til og frá aðildarfélögunum.

Hlaupaverkefni FRÍ, sem m.a. hefur gengið undir vinnuheitinu „Hlaupu Ísland“, endurspeglar gríðarlegan áhuga landsmanna á hlaupum, skokki og göngu. Í öllum landshornum eru starfandi stórir og smáir hópar sem hafa þann tilgang að örva landsmenn til þátttöku í hreyfingu, s.s. hlaupum. Þessir hópar eiga sumir hverjir aðild að FRÍ í gegnum frjálsíþróttafélög og -deildir, en aðrir ekki. Með innleiðingu lýðheilsuverkefna á vegum FRÍ er ljóst að hér á landi er verðugt tækifæri fólgið í því að ná betur til iðkenda í hlaupahópum og stuðla þannig að auknu samstarfi innan hreyfingarinnar.

Eitt nýtt félag sótti um inngöngu in Frjálsíþróttasambandið á starfstímabili stjórnar. Kraftlyftingafélag Akureyrar stofnaði frjálsíþróttadeild. Félagið er innan Íþróttabandalags Akureyrar sem fjallaði um stofnunina og gaf FRÍ umsögn, og laganefnd FRÍ fór yfir stofnaskjölin með hliðsjón af regluverki FRÍ. ÍSÍ gaf einnig leiðbeiningar en ljóst var að öll formsatriðin vorunuppfyllt. Eftir að ÍBA afgreiddi beiðnina jákvætt heimilaði FRÍ KFA að taka þátt í mótum innan hreyfingarinnar undir merkjum félagsins.

Málefni öldunga og málefni barna- og unglunga kallast á. Starfandi eru tvær sérstakar nefndir sem fjalla um hvorn málaflök fyrir sig. Stjórn FRÍ hefur, eins og öldungaráð og unglunganefnd, áform um að

efta enn frekar þessa starfsþætti, t.d. með aðkomu verkefnastjóra. Málþingið „Framtíðin er í dag“, sem fræðslu- og útbreiðslunefndin hélt 3. febrúar 2018, fjallaði einmitt um málefni 11-14 ára aldurshópsins. Kynntar voru niðurstöður könnunar auk þess sem ræddar voru tillögur/vinnupunktur til FRÍ um málefnið. Markmið málþingsins var að gefa FRÍ skýrari hugmyndir um hvernig þjálfarar/fólk í hreyfingunni sér fyrir sér breytt fyrirkomulag í keppni fyrir 11-14 ára hópinn. Þar er markmiðið m.a. að fjölga iðkendum, en fleira hangir þó á spýtnunni. Málþingið tókst vel og unnið verður áfram úr efnivið þess.

Mótamál eru stór þáttur í starfsemi stjórnar og skrifstofu FRÍ. Án óbeinnar og beinnar aðkomu aðildarfélaga FRÍ væri framkvæmd mótanna ekki möguleg. Mikilvægt er að hreyfingin vinni saman að mótunum. Þekking starfsfólks er mismikil þegar kemur að mótahaldi. Mikilvægt er að reynslan skili sér á milli fólks innan félaga og þeirra á milli. Stjórn FRÍ vill efla þennan þátt og boðar áherslubreytingar í þessa veru til að tryggja að mótahald, undirbúningur og áætlanir fái enn markvissari framsetningu og eftirfylgni en verið hefur. Mótin eru demantur hvers iðkanda og verða mótin að vera það vel slípuð að þau skili ætluðum tilgangi.

RIG í febrúarbyrjun á hverju ári er einn stærsti alþjóðlegi íþróttaviðburður sem FRÍ kemur að hérlendis. Undirbúningur og framkvæmd hefur vaxið að umfangi ár frá ári. RIG2017 og RIG2018 tókust vel og má þakka það öllum þeim tugum sem komu að verkefninu, mótsstjórn, starfsfólki mótsins, starfsfólki skrifstofu, en ekki hvað síst keppendum, innlendum sem erlendum, en án jafn öflugss hóps keppenda væri mótið ekki jafn vinsælt og raun ber vitni. RÚV, með dyggri aðstoð Sigurbjörns Árna Arngrímssonar sá um beinar útsendingar bæði árin þannig að landsmenn nær og fjær gátu fylgst með mótinu allan tímann. RIG tekur mikla orku og er fjárhagslega áhættusamt, en skilar um leið miklu sem einn af stærri vetraríþróttaviðburðum á Íslandi.

NMU20, Norðurlandameistaramót 20 ára og yngri,

var haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði í ágúst 2016. Mótið tókst vel en undirbúningur þess hefði mátt vera með betri hætti og skrifast það alfarið á þá uppstokkun sem gerð var á skrifstofu FRÍ fyrir um sumarið. Mikilvægt er að læra af reynslunni og bæta undirbúning og framkvæmd.

Ný heimasíða var tekin í notkun í upphafi árs 2017. Notendur hafa almennt kunnað vel að meta breytingarnar, en síðunni er ætlað að þjóna enn betur þeim sem fylgjast með starfi FRÍ. Fjölmargin heimsækja síðuna á degi hverjum til að leita sér upplýsinga. FRÍ naut styrks frá Stöku ehf. við gerð síðunnar, þannig að enginn kostnaður féll á sambandið. FRÍ þakkar fyrir gott framlag, en án góðra styrktaraðila þá er framgangur kostnaðarsamra verkefna eins og endurgerðar heimasíðu alltaf erfiður. Þá hefur fylgjendum á samfélagssíðu FRÍ á Facebook fjölgað gríðarlega og eru fylgjendur FRÍ einn stærsti fylgjendahópur sérsambands innan ÍSÍ.

Nokkuð hefur verið rætt um samstarf á milli UMFÍ og FRÍ um mótahald, einkum um meistaramót FRÍ og landsmót UMFÍ. Er ljóst að áhugaverðir hlutir eru hér á ferð og vel þess virði að skoða hver ávinningur gæti orðið af samstarfi fyrir báða aðila og hreyfingarnar í heild sinni, iðkendur og umgjörð.

Ljóst er að starfstíma stjórnarinnar 2016-2018 verður einnig minnst fyrir yfirferð og umræðu um siðareglur og siðamál. Er það ekki eingöngu vegna #metoo umræðunnar, heldur hafði stjórn FRÍ áður sett af stað vinnu við endurskoðun siðareglna FRÍ frá árinu 2010. Varaformaður stjórnar leiddi þá rýni og liggja nú fyrir vel mótaðar reglur sem byggja á yfirferð þriðju aðila. Aðildarfélögin hafa fengið drög reglnanna auk þess sem þær hafa verið notaðar í vinnu annarra félaga/aðila við mótun sinna siðareglna og viðbragðsáætlna. Þá var verkefnið kynnt á formannfundi. Mikilvægt er að stjórnvöld, ríki og sveitarfélögin, í samvinnu við íþróttahreyfinguna, skapi heildarramma í þessum efnum. Niðurstæða starfshóps mennta- og menningarmála- ráðuneytisins sem [ráðherra skipaði 12. janúar 2018](#) leggur leiðarlínur fyrir allt samfélagið enda íþróttahreyfingin órjúfanlegur hluti

Þess. Stjórn FRÍ hvetur því aðildarfélög sín til að hefja strax umræðuna og hefja eftirfylgni í samræmi við hvatningu ÍSÍ, en um leið er mikilvægt að fylgjast með niðurstöðum starfshópsins og þeirra samræmdu skrefa sem ÍSÍ leggur til í kjölfarið.

Smáþjóðaleikar voru haldnir 2017. Að þessu sinni fóru smáþjóðaleikarnir fram í San Marínó dagana 29. maí – 3. júní. Íslenska landsliðið fór út til San Marínó 28. maí en keppni í frjálsum íþróttum fór fram 30. maí, 1. júní og 3. júní. Keppendur voru 23, fararstjóri var Kristín Birna Ólafsdóttir og þjálfarar Jón Halldór Oddsson, Óskar Hlynsson, Pétur Guðmundsson og Brynjar Gunnarsson. Fyrirliðar voru þau Ásdís Hjálmsdóttir og Ari Bragi Kárasón. Nokkur undirbúningur var af hálfu skrifstofu vegna þessa þar sem um stóran hóp var að ræða auk þess sem samræma þurfti fjölmarga hluti við ÍSÍ og við keppendur sem komu annarsstaðar frá en frá Íslandi. Á sama hátt var strax í kjölfarið mikill undirbúningur og skipulagning vegna Evrópubikarkeppni landsliða sem fór fram helgina 24.-25. júní 2017 í Tel Aviv í Ísrael. 32 keppendur voru í liðinu.

Eitt af verkefnum stjórnar FRÍ er að leita eftir tilnefningum innan hreyfingarinnar til EAA-verðlauna. Á starfstímabilinu hlutu þau Þráinn Hafsteinsson og Margrét Héðinsdóttir heiðursviðurkenningar frá Frjálsíþróttasambandi Evrópu (EAA). Jafnframt hlaut Friðrik Þór Óskarsson viðurkenningu frá EAA fyrir framlag sitt til frjálsra íþróttarársins 2016. Friðrik hannaði og forritaði mótaforritið Þór og hefur um árabíl séð um skráningu á árangri sem íslenskir keppendur ná á mótum hérlendis og erlendis. Öllum þremur er óskað innilega til hamingju með verðlaunin og þakkað fyrir dýrmætt framlag til íslensks frjálsíþróttastarfs til margra ára.

Samstarf ÍSÍ við FRÍ er með ýmsum hætti. Ekki eingöngu vegna reksturs Felix sem iðkenda- og stjórnarmannatals í hreyfingunni, heldur miklu frekar vegna stefnumörkunar um ýmis mál, s.s. afreksmál. FRÍ hlaut á árinu 2017 viðbótarstyrk úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna landsliðsverkefna ársins 2017. Um var að ræða styrk að upphæð 11 m.kr. sem bættist við fyrri úthlutun til sambandsins, en sambandið hlaut styrk að upphæð 12 m.kr. í fyrri úthlutun ársins úr Afrekssjóði ÍSÍ. Fjármunir þessir renna til afrekssarfs í samræmi

við afrekssstefnu FRÍ. Þá skiptir miklu að fá sérstaka styrki úr verkefnasjóði ÍSÍ til framgangs einstakra verkefna, hvort sem það eru samvinnuverkefni eða sérverkefni á vegum FRÍ.



Styrktaraðilar og stuðningur fyrirtækja skiptir FRÍ gríðarlegu máli. Einnig má nefna að ýmsir veita styrki til sérstakra verkefna og veitti Íslandsbanki FRÍ sérstakan styrk í lok árs 2016 til framgangs stórmóta og úrvalshóps FRÍ. Aðalstyrktaraðilar FRÍ eru Valitor, Advania, Svefn & heilsa, Bílaleiga Akureyrar, Hotel Cabin og Icepharma.

FRÍ lagði upp úr að halda góðar og skemmtilegar uppskeruhátíðir 2016 og 2017. Þær voru haldnar á Hótel Cabin og mættu nær hundrað manns í hvort skiptið. Dagskráin var skemmtileg og kröftug þar sem viðurkenningar voru veittar og farið yfir keppnisárin í máli og myndum. Lilja Alfreðsdóttir, þá nýskipaður mennta- og menningarmálaráðherra, flutti stutt ávarp á samkomunni 2017 og tók þátt í afhendingu viðurkenninga.

Þjóðarleikvangur í Laugardal og almenn aðstöðumál hafa reglulega verið til umræðu á stjórnarfundum FRÍ. Stjórn FRÍ ályktaði um Laugardalsvöll haustið 2017 þegar ljóst var í hvert stefndi með umræðu um völlinn, m.a. tengt vinnu KSÍ. Í upphafi árs 2018 sendi FRÍ stjórnvöldum erindi til að áretta ályktun sína og leggja áherslu á skipan starfshóps til að fara yfir málin með FRÍ. Það er ljóst að samtalið þarf að eiga sér stað um þjóðarleikvangur í Laugardal áður en lengra er haldið í breytingum á Laugardalsvelli. Samtalið á að snúast um leikvangur sem uppfyllir alþjóðlegar

kröfur fyrir frjálsíþróttir. Frjálsíþróttasamband Íslands er alltaf tilbúið í slíkt samtal og skorast ekki undan lausnamiðuðum viðræðum, öllum íþróttum á Íslandi til heilla.

Þrjú formannafundir voru haldnir á starfstímabili stjórnar. Formannafundur að hausti 2016 var haldinn 5. nóvember 2016 frá kl. 10 til 15. Þar mættu formenn og annað lykilmál úr félögunum og var formönnum fastanefnda sérstaklega boðið að taka þátt. Stjórn kynnti nýjar hugmyndir um skipulag hreyfingarinnar. Þá voru vinnulotur um stefnumótun á ákveðnum sviðum. Á fundinum var einnig farið yfir mótaskrá 2017 og 2018. Fjármál voru til umræðu. Í lokin var starf vinnuhópa fundarins kynnt auk þess sem almennar umræður voru um einstök mál.

Þann 1. júní 2017 var annar formannfundurinn frá 18:00-21:30. Dagskráin bar keim af þingsamþykkt FRÍ en einnig var afreksstefna sambandsins til umræðu, m.a. vegna hinnar miklu vinnu sem hafði farið fram á vegum ÍSÍ við undirbúning skipulags afreksstarfs á Íslandi til framtíðar. Þá var fjallað um störf stjórnar FRÍ frá síðasta formannafundi, rætt um alþjóðlega mótáþátttöku og kostnað, mótaskráin rædd og kynntur ársreikningur 2016.



Guðlaug gjaldkeri og Jóney verkefnastjóri á formannafundi haustið 2016

Þriðji formannfundurinn fór fram 1. desember 2017 frá klukkan 16 til 18. Fjallað var um FRÍ í fortíð, nútíð og framtíð. Kynntar voru uppfærðar siðareglur FRÍ. Rætt var áfram um afreksstefnu og nýjan Afreksjóð FRÍ. Lagt var fram 9 mánaða uppgjör FRÍ. Rætt um FRÍ þing, hugsanlega dagsetningu og undirbúning. Að lokum var rætt um mótaskrá og verkefni landsliða 2018.



Viðurkenningar

Viðurkenningar árið 2016

Uppskeruhátíð FRÍ fór fram fyrir Frjálsíþróttapeing 2016. Engu að síður var blásið til uppskeruhátíðar FRÍ í september 2016. Þar voru veittar nokkrar viðurkenningar:

Hvatningarverðlaun FRÍ:

RÚV Íþróttadeild
Práinn Hafsteinsson
Þuríður Ingvarsdóttir

Íslandsmet sett árið 2016:

Aníta Hinriksdóttir, 800m hlaup
Ari Bragi Kárasón, 100m hlaup
Ásdís Hjálmsdóttir, kúluvarp
Hafdís Sigurðardóttir, langstökk
Vigdís Jónsdóttir, sleggjukast

Útnefningar til EAA verðlauna:

Friðrik Þór Óskarsson
Margrét Héðinsdóttir
Sigurður Haraldsson

Í desember 2016 var frjálsíþróttafólk ársins útnefnt við hátíðlega athöfn í sal ÍSÍ. Það voru þau:

Aníta Hinriksdóttir, 800m hlaupari og Guðni Valur Guðnason, kringlukastari.



Guðni Valur Guðnason og Aníta Hinriksdóttir, frjálsíþróttafólk ársins 2016

Viðurkenningar árið 2017

Uppskeruhátíð FRÍ var haldin í desember 2017 í beinu framhaldi af formannafundi FRÍ. Samkoman varð þess heiðurs aðnjótandi að Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þá nýskipuð mennta- og menningarmálaráðherra, mætti og afhenti verðlaun.

Viðurkenning	Nafn
Frjálsíþróttakarl ársins	Hilmar Örn Jónsson FH
Frjálsíþróttakona ársins	Aníta Hinriksdóttir ÍR
Stigahæsta afrek skv. stígatöflu IAAF	Aníta Hinriksdóttir ÍR
Besta spretthlaupsafrek (Jónsbíkar)	Arna Stefanía Guðmundsdóttir FH
Stökkvari ársins – Karl	Kristinn Torfason FH
Stökkvari ársins - Kona	Hulda Þorsteinsdóttir ÍR
Millivegalengdahlápari ársins - Karl	Kristinn Þór Kristinsson HSK
Millivegalengdahlápari ársins - Kona	Aníta Hinriksdóttir ÍR
Langhlaupari ársins - Karl	Hlynur Andrésson ÍR
Langhlaupari ársins - Kona	Guðlaug Edda Hannesdóttir Fjöltnir
Kastari ársins – Karl	Hilmar Örn Jónsson FH
Kastari ársins – Kona	Ásdís Hjálmsdóttir Ármann
Fjölþrautarmaður ársins	Tristan Freyr Jónsson ÍR
Fjölþrautarkona ársins	Arna Stefanía Guðmundsdóttir FH
Óvæntasta afrekið	Tiana Ósk Whitworth ÍR
Besti piltur 15-19 ára	Baldvin Þór Magnússon
Besta stúlka 15-19 ára	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR
Hvatningarverðlaun unglingsþjálfara	Brynjar Gunnarsson ÍR
Götuþlaupari ársins - Karl	Kári Steinn Karlsson ÍR
Götuþlaupari ársins - Kona	Aníta Hinriksdóttir ÍR
Ofurhlaupari ársins - Karl	Þorbergur Jónsson UFA
Ofurhlaupari ársins - Kona	Elísabet Margeirsdóttir Ármann
Mikilvægasti frjálsíþróttamaðurinn	Arnar Pétursson ÍR
Hópur ársins	EMU23 Bydgoszcz: Aníta, Arna Stefanía, Guðni Valur, Hilmar, Thelma, Dagbjartur, Sindri Hrafn, Vigdís, Kolbeinn Höður
Karlalið ársins	4x100 karlasveitin: Björgvin Brynjarsson, Ívar Kristinn Jasonarson, Kolbeinn Höður Gunnarsson, Ari Bragi Kárasón
Kvennalið ársins	4x100 kvennasveitin: Tiana Ósk Whitworth, Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir, Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, Arna Stefanía Guðmundsdóttir
Nefnd ársins	Unglinganefnd
Sambandsverðlaun EAA 2017	Práinn Hafsteinsson
Kvennaverðlaun EAA 2017	Margrét Héðinsdóttir

ALÞJÓÐLEG KEPPNI

Hér á eftir fylgir samantekt á alþjóðlegri þátttöku fulltrúa Íslands á starfstímabili fráfarandi stjórnar.

Mót árið 2016

Smáþjóðameistaramót

Sumarið hófst af krafti með nýju móti, Smáþjóðameistaramótinu, sem fram fór í bænum Marsa á Möltu. Mótið fór fram þann 11. júní 2016. Sveit Íslands samanstóð af 16 frjálsíþróttamönnum, fjórum þjálfurum og einum sjúkrþjálfara. Hópurinn vann til samtals 13 verðlauna sem skiptust í 8 gull, 2 silfur og 3 brons. Til gullverðlauna unnu Ari Bragi Kárasón í 100 m og 200 m, Guðni Valur Guðnason í kringlukasti, Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir í 100 m, Arna Stefanía Guðmundsdóttir í 400 m, Aníta Hinriksdóttir í 800 m, Hafdís Sigurðardóttir í langstökki og boðhlaupssveit Íslands í 1000 m boðhlaupi. Sveitina skipuðu Þórdís Eva Steinsdóttir, Arna Stefanía Guðmundsdóttir, Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir og Aníta Hinriksdóttir.

NM unglunga í fjölþrautum

Norðurlandamót unglunga í fjölþrautum var haldið í Huddinge í Svíþjóð dagana 11.-12. júní 2016. Tristan Freyr Jónsson úr ÍR var eini keppandi Íslands á mótinu. Tristan Freyr stóð sig með glæsibrag og sigraði á persónulegu meti, náði 7261 stigum.

Bauhaus Junioren Gala

Bauhaus Junioren Gala fór fram í Mannheim í Þýskalandi dagana 25. og 26. júní. Fimm keppendur voru sendir fyrir hönd Íslands. Tristan Freyr Jónsson náði bestum árangri íslensku keppendanna á mótinu en hann stökk 6,80 m í langstökki og náði í 3. sæti. Þar að auki setti hann aldursflokkaðmet í 100 m grindahlaupi (99,1 cm) þilta er hann hljóp á 14,05 sek (+0,2 m/s). Tristan keppti einnig í 100 m og 200 m hlaupum. Thelma Lind Kristjánsdóttir varð í 9. sæti í kringlukasti er hún kastaði 46,48 m. Þórdís Eva

Steinsdóttir varð í 10. sæti í 400 m hlaupi og hljóp á 55,68 sek. Þórdís keppti einnig í 200 m hlaupi og hafnaði hún í 24. sæti í greininni, hljóp á 24,95 sek. Dagbjartur Daði Jónsson keppti í spjótkaсти og kastaði hann 60,51 m og Kormákur Ari Hafliðason keppti í 400 m hlaupi og varð 19. á 50,37 sek.

Evrópumeistaramót

Evrópumeistaramót fór fram í Amsterdam í Hollandi í byrjun júlí. Keppendur frá Íslandi voru Guðni Valur Guðnason sem keppti í kringlukasti, Aníta Hinriksdóttir sem keppti í 800 m hlaupi, Arna Stefanía Guðmundsdóttir sem keppti í 400 m grindahlaupi, Hafdís Sigurðardóttir sem keppti í langstökki og Ásdís Hjálmsdóttir sem keppti í spjótkaсти.



Keppendur, þjálfarar og formaður á EM í Amsterdam 2016

Aníta Hinriksdóttir hljóp á 2:03,44 í riðlakeppninni og komst auðveldlega í undanúrslit. Í undanúrslitum hljóp hún á 2:01,41 mín sem fleytti henni áfram í úrslitahlaupið. Aníta hafnaði í 8. sæti í úrslitunum og hljóp hún á tímanum 2:02,55 mín. Ásdís Hjálmsdóttir náði 10. sæti í forkeppni spjótkaستsins með 58,83 og komst hún áfram í úrslitin. Í úrslitunum kastaði hún 60,37 m og varð áttunda. Arna Stefanía Guðmundsdóttir hljóp á 57,14 sek í riðlakeppninni í 400 m grindahlaupi og var það aldursflokkaðmet í flokki stúlkna 20-22 ára. Arna komst áfram í undanúrslitin og varð í 18. sæti í heildina, hljóp á 57,24 sek. Hafdís Sigurðardóttir varð í 15. sæti í langstökki er hún stökk 6,35 m. Guðni Valur Guðnason endaði svo í 21. sæti í kringlukasti með 61,20 m kasti.

EM U18

Á EM U18 kepptu þrír íslenskir keppendur við mjög erfiðar aðstæður, en hitinn í Tbilisi var 35-41°C mótisdagana. Þetta voru þau Mímir Sigurðsson FH, Andrea Kolbeinsdóttir ÍR og Þórdís Eva Steinsdóttir FH. Bestum árangri okkar fólks náði Þórdís Eva sem varð 5. í úrslitum í 400m hlaupi á 55,68sek, Andrea varð 22. í 2000m hindrunarhlaupi á 7:11,75sek og Mímir 27. í kringlukasti með 46,32m.

HM U20

Heimsmeistaramót unglunga 19 ára og yngri fór fram í Bydgoszcz í Póllandi dagana 19.-20. júlí. Þrír kepptu fyrir Íslands hönd á mótinu, Tristan Freyr Jónsson ÍR, Þórdís Eva Steinsdóttir FH og Thelma Lind Kristjánsdóttir ÍR.

Tristan Freyr náði bestum árangri íslensku keppendanna, 9. sæti í tugbraut. Fékk hann 7468 stig sem var aldursflokkamet í flokki 18-19 ára pilta. Thelma Lind Kristjánsdóttir verð í 23. sæti í kringlukasti er hún kastaði 44,41 m. Þórdís Eva Steinsdóttir varð 35. í 400 m hlaupi er hún hljóp á 56,06 sek.

NM U20

Norðurlandamót 19 ára og yngri fór fram í Kaplakrika í Hafnarfirði helgina 13.-14. ágúst. Ísland og Danmörk sendu sameiginlegt lið til keppni og kepptu 25 Íslendingar á mótinu. Lið Íslands og Danmerkur varð í 4. sæti og hlaut liðið samtals 5 verðlaun; 2 gullverðlaun, 1 silfurverðlaun og 2 bronsverðlaun. Andrea Kolbeinsdóttir sigraði í 3000 m hindrunarhlaupi á tímanum 11:16,52 mín. Þá sigraði sveit Danmerkur og Íslands í 4x100 m boðhlaupi karla.

Ólympíuleikar

Þrír íslenskir keppendur kepptu á Ólympíuleikunum sem fóru fram í Rio de Janeiro í Brasilíu um miðjan ágúst. Aníta Hinriksdóttir keppti í 800 m hlaupi. Hljóp hún á tímanum 2:00,14 mín í riðlakeppninni og hafnaði í 20. sæti. Ásdís Hjálmsdóttir kastaði spjótinu 54,92 m í forkeppninni og hafnaði í 30. sæti. Guðni Valur Guðnason kastaði kringlunni 60,45 m og hafnaði hann í 21. sæti.

Mót árið 2017

NM innanhúss

NM innanhúss, eða Nordenkampen, fór fram í Tampere í Finnlandi þann 11. febrúar. Ari Bragi Kárason FH náði 8. sæti í 60m hlaupi á 7,06 sek og 7. sæti í 200m hlaupi á 22,28 sek. Ívar Kristinn Jasonarson ÍR varð 5. í 400 m hlaupi á 48,41 sek. María Rún Gunnlaugsdóttir FH náði 6. sæti í 60m hlaupi á tímanum 8,02 sek og 8. sæti í langstökki með 5,56 m stökki. Arna Stefanía Guðmundsdóttir FH bar sigur úr bítum í 400 m hlaupi á tímanum 54,21 sek.



Keppislið Íslands ásamt Ragnheiði Ólafsdóttur fararstjóra og þjálfara

EM innanhúss

EM innanhúss fór fram í Belgrad í Serbíu í byrjun mars. Aníta Hinriksdóttir sigraði sinn riðil í 800 m hlaupi er hún hljóp á tímanum 2:02,82 mín. Hún kom önnur í mark í undanúrslitunum á tímanum 2:02,97 mín. Aníta hljóp frábærlega í úrslitahlaupinu og tryggði sér 3. sætið á tímanum 2:01,25 mín.



Aníta fagnar bronsverðlaunum á EM

Hlynur Andr sson  R hafnaði   20. s ti   3000 m hlaupi og kom hann   mark   t manum 8:29,00 m n.

Bikarkastm t Evr pu

Bikarkastm t Evr pu (e. European Throwing Cup) f r fram   Kanar eyjum, Sp ni þann 11. mars. Guðni Valur Guðnason hafnaði   2. s ti   kringlukasti karla U23 er hann kastaði 59,33 m.  sd s Hj lmsd ttir hafnaði   2. s ti   spj tkasti me  59,20 m kasti. Vigd s J nsd ttir FH hafnaði   12. s ti   sleggjukasti U23 me  58,69 m kasti.

Sm þj ðaleikar

Sm þj ðaleikarnir f ru fram   San Marino dagana 29. ma  – 3. j n  og keppni   frj lsum  þr ttum dagana 30. ma , 1. j n  og 3. j n .    slenska landsliðinu var 21 keppandi sem unnu samtals unnu 24 ver laun, n est flest   eftir liði K pur. Sj  n nar   t flu   neðan.



K tir  slenskir keppendur   San Mar no

R�ð	Þj�ð	1 Gull	2 Silfur	3 Brons	Samtals
1	K�pur	14	13	5	32
2	�sland	11	8	5	24
3	L�xemborg	5	8	8	21
4	Svartfjallaland	4	2	3	9
5	Malta	2	1	3	9
6	M�nak�	1	1	3	5
7	Andorra	0	3	6	9
8	San Mar�no	0	1	3	4

Gullver laun:  sd s Hj lmsd ttir, spj tkast.  rn Dav ðsson, spj tkast. Arna Stef n a Guðmundsd ttir, 400m grindahlaup og b ði boðhlaupin. Kolbeinn H ður Gunnarsson, 200m hlaup og 4x100m. Hulda Þorsteinsd ttir, stangarst kk. Arnd s  r Hafþ rsd ttir, 10km hlaup. Guðni Valur Guðnason, kringlukast. Þorsteinn Ingvarsson, langst kk. 4x100m boðhlaupssveit kvenna og karla og 4x400m boðhlaupssveit kvenna.

Silfurver laun:  sd s Hj lmsd ttir, k luvarp. Mar a R n Gunnlaugsd ttir, langst kk og h st kk. Kristinn Torfason, langst kk. Guðbj rg J na Bjarnad ttir, 200m hlaup og 400m hlaup.  var Kristinn Jasonarson, 400m grindahlaup og 400m hlaup.

Bronsver laun:  ðinn Bj rn Þorsteinsson, k luvarp. Thelma Lind Kristj nsd ttir, kringlukast. Guðmundur Sverrisson, spj tkast. Ari Braji K rason, 100m og 200m.



HM í utanvegahlaupum

HM í utanvegahlaupum fór fram í Badia Prataglia á Ítalíu þann 10. júní. Átta íslenskir hlauparar tóku þátt í hlaupinu, 4 konur og 4 karlar. Hlaupið var 50 km með u.þ.b. 2900 metra hækkun. Þrjú hlauparar af hvoru kyni skiluðu sér í mark. Kvinnaliðið hafnaði í 17. sæti af 21 liði og karlaliðið hafnaði í 22. sæti af 24 liðum. Hér má sjá tíma og sæti íslensku hlauparanna.



Sæti	Sæti karl/ kona	Sæti í flokki	Nafn	Lokatími	Flögutími
66	58	51	Kári Steinn Karlsson	05:21:18	05:21:17
156	109	89	Guðni Páll Pálsson	06:06:08	06:06:02
174	117	94	Daníel Reynisson	06:21:52	06:21:41
179	60	58	Elísabet Margeirsdóttir	06:25:26	06:25:18
212	78	2	Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir	06:55:31	06:55:20
231	94	91	Bryndís María Davíðsdóttir	07:43:37	07:43:26

NM í fjölþrautum U23


Norðurlandamótið í fjölþrautum 22 ára og yngri fór fram í Kuortane í Finnlandi dagana 10. og 11. júní. Fimm keppendur náðu settum lágmarkum á mótið en það voru þau Irma Gunnarsdóttir Breiðabliki, Helga Margrét Haraldsdóttir ÍR, Tristan Freyr Jónsson ÍR, Ísak Óli Traustason UMSS og Kolbeinn Tómas Jónsson ÍR.

Verðlaunasætum náðu:

Ísak Óli Traustason UMSS, 2. sæti í tugþraut 20-22 ára ungarla með 6.397 stig, sem er stórbæting hjá honum en hann átti áður best 5.871 stig. Irma Gunnarsdóttir Breiðabliki, 2. sæti í sjöþraut 18-19 ára stúlkna með 5.127 stig.

Árangur annarra íslenskra keppenda var eftirfarandi:

- Helga Margrét Haraldsdóttir ÍR Sjöþraut 16-17 ára stúlkna. Samtals = 4.207 stig
- Tristan Freyr Jónsson ÍR, tugþraut 20-22 ára ungarla. Lauk ekki keppni.
- Kolbeinn Tómas Jónsson ÍR, tugþraut 16-17 ára drengja. Samtals = 5.975 stig



Irma Gunnarsdóttir fjölþrautarkona

Evrópubikarkeppni landsliða

Evrópubikarkeppni landsliða í 2. deild fór fram í Tel Aviv í Ísrael dagana 24. og 25. júní. Í íslenska liðinu voru 32 keppendur og hlaut liðið alls fern verðlaun á mótinu. Aníta Hinriksdóttir ÍR sigraði í 800 m hlaupi með yfirburðum á tímanum 2:02,57 mín, Arna Stefanía Guðmundsdóttir FH hafnaði í 2. sæti í 400 m grindahlaupi á 57,00 sek, Hulda Þorsteinsdóttir ÍR náði 3. sæti í stangarstökki með því að stökkva yfir 4,05 m og Ásdís Hjálmsdóttir 2. sæti í spjótkesti með 60,67 m kasti. Eitt Íslandsmet féll á mótinu og var það í 4x100 m hlaupi karla. Sveitin hljóp á tímanum 40,40 sek og bætti fyrra metið um 5/100 úr sekúndu frá því á Smáþjóðaleikunum fyrr í mánuðinum. Íslenska liðið hafnaði í 11. sæti af 12 liðum á mótinu og féll því niður í 3. deild en þrjú neðstu liðin falla um deild.

Hér má sjá árangur íslensku keppendanna á mótinu:

Nafn	Grein	Árangur
Ásdís Hjálmsdóttir	Spjótkest Kúluvarp	2. sæti, 60,67m 6. sæti, 14,65m
Arna Stefanía Guðmundsd.	400m grind	2. sæti, 57,00s
Andrea Kolbeinsdóttir	3000m hindrun 1500m	8.sæti á 11:04,24m 11.sæti á 4:51,83m
Arndís Ýr Hafþórsdóttir	3000m 5000m	11. sæti á 9:59,49m 9. sæti á 17:14,16 (PB)
Aníta Hinriksdóttir	800m	1. sæti á 2:02,57 mín
Helga Margrét Haraldsdóttir	Prístökk	12. sæti
Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir	100m 400m	10. sæti á 11,91s 10. sæti á 56,65 sek
Hulda Þorsteinsdóttir	Stangarstökk	3. sæti með 4,05m.
María Rún Gunnlaugsdóttir	Langstökk, 100m grindahlaup	12. sæti, 5,55m 12. Sæt á 14,51 (PB)
Kristín Lív Svabo Jónsdóttir	Hástökk	10. sæti með 1,65m.
Thelma Lind Kristjánsdóttir	Kringlukast	7. sæti með 48,32m.
Tíana Ósk Whitworth	200m	12. sæti á 24,71 sek.
Vigdís Jónsdóttir	Sleggjukast	8. sæti með 56,26m
Andrea, Arna, Tiana, Hrafnhild	4x100m sveit kvenna	7. sæti á 46,06s
Aníta, Arna Stefanía María Rún, Hrafnhild	4x100m sveit kvenna	8. sæti á 3:40,80m
Ari Bragi Kárasón	100m	7. sæti á 10,54s
Arnar Pétursson	300m hindr.	8. sæti á 9:30,47 mín.
Bjarki Rúnar Kristinsson	Hástökk	11. sæti með 1,95m (PB)
Bjarki Gíslason	Stangarstökk	11. sæti með 5,00m (PB)
Björgvin Brynjarsson	4x100m	4. sæti í 4x100m
Einar Daði Lárusson	110m grindahlaup	10. sæti á 14,91 sek.
Guðni Valur Guðnason	Kringlukast	6. sæti með 57,98m.
Hlynur Andrésson	3000m 5000m	10. sæti á 8:26,11 mín. (PB) 8.sæti á 14:47,27 mín.
Ívar Kristinn Jasonarson	400m, grindahlaup	10. sæti á 53,36s
Kolbeinn Höður Gunnarsson	200m, 4x100m	5. sæti í 200m á 21,27s
Kormákur Ari Hafliðason	400m	11.sæti á 48,78s (=PB)
Kristinn Þór Kristinsson	800m, 1500m	10. sæti 1:50,67m 11. sæti á 3:56,35m
Kristinn Torfason	Langstökk	11. sæti með 7,04m.
Óðinn Björn Þorsteinsson	Kúluvarp	8. sæti með 16,56m.
Vilhjálmur Árni Garðarsson	Sleggjukast	12. sæti með 52,26m.
Þorsteinn Ingvarsson	Prístökk	9. sæti með 14,23m.
Örn Davíðsson	Spjótkest	9. sæti með 68,10m.
Björgvin, Ívar, Kolbeinn, Ari	4x100m sveit karla	4. sæti á 40,40 sek. (Íslandsmet)
Kristinn, Kormákur, Ívar, Hinrik	4x100m sveit karla	9. sæti í 4x400m á 3:17,61 mín.

Bauhaus Junioren Gala

Bauhaus Junioren Gala fór fram í Mannheim í Þýskalandi dagana 1.-2. júlí. Ísland sendi fjóra keppendur á mótið.

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir keppti í 100 m hlaupi. Hún hljóp mjög vel og náði 4. sæti á tímanum 12,16 sek. Guðbjörg Jóna keppti einnig í 200 m hlaupi, hljóp á 24,53 sek sem dugði í 8. sæti af 14 keppendum.

Tiana Ósk Whitworth keppti í 100 m hlaupi. Hún hljóp frábærlega í riðlakeppninni, náði 2. sæti í sínum riðli á 11,87 sek sem kom henni beint í úrslit.



Tiana Ósk Whitworth

Í úrslitahlaupinu bætti Tiana sig enn, hljóp á 11,77 sek sem er annar besti tími íslenskrar konu frá upphafi og met í flokki stúlkna 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára.

Erna Sóley Gunnarsdóttir bætti sig um 54 cm í kúluvarpi, varpaði 4 kg kúlunni 13,91 m og setti með því aldursflokkamet í flokki stúlkna 16-17 ára og 18-19 ára.

Dagur Andri Einarsson keppti í 100 m hlaupi, hljóp á 11,02 sek og komst ekki áfram. Dagur Andri hljóp 200 m á 22,49 sek, bætti sinn besta tíma verulega og náði 14. sæti.

EM í fjölþrautum

Evrópumeistaramótið í fjölþrautum fór fram 1.-2. júlí í Monzon á Spáni. Ísland sendi að þessu sinni sjö

keppendur til leiks og luku þeir allir keppni. Fjórir karlar kepptu í tugþraut og þrjár konur í sjöþraut.

Tristan Freyr Jónsson náði bestum árangri íslensku keppendanna en hann varð í 4. sæti í í karlaflokki með 7,078 stig.

Ísak Óli Traustason náði 14. sæti með 6.502 stig, Ingi Rúnar Kristinsson 16. sæti með 6.353 stig og Gunnar Eyjólfsson 24. sæti með 5.295 stig.

Í kvennaflokki náði María Rún Gunnlaugsdóttir bestum árangri en hún varð í 9. sæti með 4.998 stig. Irma Gunnarsdóttir varð í 11. sæti með 4.927 stig og Helga Margrét Haraldsdóttir í því 18. með 4.065 stig.

EM í fjölþrautum er liðakeppni. Samtals náði íslenska liðið 33923 stigum í keppni í annarri deild, rétt um 1000 stigum færri en lið Danmerkur sem endaði í þriðja sæti, sbr. [úrslit](#) keppinnar. Lið Lettlands, var rétt á undan því danska, svo munaði aðeins um 200 stigum og tryggðu sér um leið keppnisrétt í fyrstu deild að ári. Ljóst er að íslenska liðið á góða möguleika á að lyfta sér upp um deild á næstu árum.



Evrópumeistaramót U23

Evrópumeistaramót undir 23 ára fór fram dagana 13.-16. júlí í Bydgoszcz í Póllandi.

Alls náðu níu afreksungmenni lágmarki til keppni á mótinu og er það stærsti og sterkasti hópur sem við

höfum átt í mjög langan tíma. Þessi hópur vakti sérstaka athygli fyrir framgöngu en með hópnum voru fimm þjálfarar auk fagteymis FRÍ. Árangur okkar var sem dæmi jafn góður og Dana og þá er ekki miðað við höfðatölu. Að neðan er tafla yfir keppendur og árangur. Það var að sjálfsgöðu magnað að ná í tvenn verðlaun á þessu stærsta sviði ungmenna í Evrópu en þeim glæsilega árangri náðu þær Arna Stefánía Guðmundsdóttir sem varð þriðja í 400 metra grindahlaupi og Aníta Hinriksdóttir sem náði silfri í 800m hlaupi.

Nafn	Félag	Grein	Árangur	Grein
Dagbjartur Jónsson	ÍR	Spjótkast	68,41 m	17. sæti
Guðni Valur Guðnason	ÍR	Kringlukast	57,31 m	5. sæti
Hilmar Örn Jónsson	FH	Sleggjukast	69,96 m	7. sæti
Kolbeinn Höður Gunnarsson	FH	100 m 200 m	10,73 sek 21,39 sek	30. sæti 17. sæti
Sindri Hrafn Guðmundsson	Breiðablik	Spjótkast	74,42 m	9. sæti
Aníta Hinriksdóttir	ÍR	800 m	2:05,02 m	2. sæti
Arna Stefánía Guðmundsdóttir	FH	400 m grind	56,37 sek	3. sæti
Thelma Lind Kristjánsdóttir	ÍR	Kringlukast	46,82 m	21. sæti
Vigdís Jónsdóttir	FH	Sleggjukast	57,40 m	16. sæti



Verðlaunahafarnir Arna Stefánía og Aníta

Evrópumeistaramót U20

Evrópumeistaramót 19 ára og yngri fór fram í Grosseto á Ítalíu dagana 20.-23. júlí 2017. Þrjár kepptu fyrir Íslands hönd að þessu sinni, þær Irma Gunnarsdóttir Breiðabliki, Tiana Ósk Whitworth ÍR og Erna Sóley Gunnarsdóttir ÍR. Irma keppti í sjöþraut og stóð hún sig mjög vel. Hún varð 20. af 27 keppendum og hlaut 5.113 stig fyrir þrautina. Tiana Ósk keppti í 100 m og 200 m hlaupum. Hún komst í undanúrslit í 100 m hlaupi, lenti í 18. sæti á 11,97 sek og var hársbreidd frá því að komast í úrslitin. Í 200 m hlaupinu kom hún í mark á 24,88 sek og endaði í 31. sæti af 40 keppendum. Erna Sóley keppti í kúluvarpi og endaði í 25. sæti af 29 keppendum með kasti uppá 13,22 m.

Ólympíudagar æskunnar

Ólympíudagar æskunnar fóru fram í Győr í Ungverjalandi dagana 22. - 30. júlí.

Sext keppendur voru valdir til þátttöku á leikunum og í eftirtöldum greinum;

1. Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðablik: Langstökk og 4x100 m boðhlaup
2. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR: 100 m, 200 m og 4x100 m boðhlaup
3. Helga Margrét Haraldsdóttir ÍR: Þrístökk, 100 m grind, 4x100 m boðhlaup
4. Helga Margrét Óskarsdóttir HSK: Spjótkast og 4x100 m boðhlaup
5. Hera Rán Örlygsdóttir USVH, Kormákur: Sleggjukast
6. Iðunn Björg Arnaldsdóttir ÍR: 1500 m, 4x100 m boðhlaup (varamaður)



Helstu úrslit

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR keppti til úrslita í 100 m hlaupi og náði góðu 5. sæti á 11,78 sek í aðeins af miklum meðvindi. Hún komst einnig í úrslit í 200 m hlaupi og kom þar einnig í mark í 5. sæti á 24,06 sek. Helga Margrét Haraldsdóttir ÍR komst í undanúrslit í 100 m grindhlaupi og kom þar í mark á tímanum 14,54 sek, en vindur var aðeins yfir mörkum. Hún keppti einnig í þristökki og bætti sinn besta árangur með stökki upp á 11,57 m.

Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðabliki náði 11. sæti í úrslitum langstöksins með flottu stökki upp á 5,37 m.

Helga Margrét Óskarsdóttir HSK keppti í undankeppni í spjótkaсти. Hún kastaði lengst 37,84 m og komst ekki í úrslit.

Iðunn Björg Arnaldsdóttir ÍR keppti í 1500 m hlaupi. Hún hljóp á tímanum 4:56,49 mín og bætti sinn persónulega árangur um rúma sekúndu en hún átti áður 4:57,87 mín.

Hera Rán Örlygsdóttir USVH keppti í sleggjukasti en rigning gerði henni erfitt fyrir og niðurstaðan því þrjú ógild köst. Þetta var frábær reynsla fyrir hana samt sem áður.

Að lokum kepptu þær Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR, Helga Margrét Haraldsdóttir ÍR, Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðabliki og Helga Margrét Óskarsdóttir HSK/Selfoss í 4x100 m boðhlaupi. Þær hlupu á tímanum 48,32 sek og höfnuðu í 13. sæti af 19 boðhlaupssveitum.

Heimsmeistaramót

Heimsmeistaramótið í frjálsum íþróttum fór fram í London á Englandi dagana 4.-13. ágúst.

Ísland sendi þrjú keppendur á mótið.

Aníta Hinriksdóttir ÍR náði lágmarki í 800m og

1500m hlaupum en ákvað að velja 800m þar sem dagskráin var þétt. Ásdís Hjálmsdóttir Ármanni náði lágmarki í spjótkaсти og Hilmar Örn Jónsson FH fór inn sem karl án lágmarks en þar gilda einnig stífar reglur um þátttöku.

Hilmar Örn Jónsson reið á vaðið og kastaði sleggjunni 71,12 m í fyrstu tilraun. Aðstæður voru mjög erfiðar vegna mikillar rigningar. Frábær árangur hjá Hilmarí en hann keppti þarna á sínu fyrsta stórmóti fullorðinna.

Aníta Hinriksdóttir komst ekki upp úr riðlinum í 800m hlaupinu sem var mjög taktískt og lokaðist Aníta inni á úrslitastundu.

Ásdís Hjálmsdóttir kastaði 63,06 m í þriðja kasti í forkeppninni og flaug inni úrslitin í 9. sæti. Þetta er lengsta kast Ásdísar á stórmóti. Í úrslitunum kastaði Ásdís 60,16 metra og varð í 11. sæti.

NM U20 ára

Ísland tefdi í þessari keppni fram sameiginlegu liði með Danmörku, en 15 íslenskir keppendur tóku þátt í mótinu að þessu sinni. Valið er þannig að tveir bestu í grein fá brautargengi. Margir í íslenska liðinu stóðu sig frábærlega og mikið var um persónulegar bætingar. Íslensku keppendurnir voru:

Stelpur

- Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR:
100, 200, 400, 4x100 og 4x400
- Tiana Ósk Whitworth ÍR:
100, 200, 4x100 og 4x400
- Andrea Kolbeinsdóttir ÍR:
3000 m hindrun og vara í 4x400
- Hildigunnur Þórarinsdóttir ÍR:
100 grind og þristökk, vara í boðhlaupi
- Irma Gunnarsdóttir Breiðablik:
100 grind, langstökk og spjót
- Helga Margrét Haraldsdóttir ÍR:
þristökk, 4x100 og 4x400
- Hilda Steinunn Egilsdóttir FH:
stangarstökk
- Rut Tryggvadóttir ÍR:
sleggjukast

- Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðablik:
4x100 og 100 m aukahlaup

Strákar

- Trausti Þór Þorsteins Ármann:
800 m og 4x400
- Daði Arnarson Fjölur:
400 grind og 4x400
- Guðmundur Smári Daníelsson UMSE:
spjót, þrístökk og 4x400
- Guðmundur Karl Úlfarsson Ármann:
stangarstökk og 4x400
- Mímir Sigurðsson FH:
kringlukast
- Tómas Gunnar Gunnarsson Smith FH:
kúluvarp

Helstu úrslit frá fyrri deginum

Guðmundur Karl Úlfarsson fór yfir 4,70 m í stangarstökki og náði í 4.-5. sæti.



Ingi Rúnar Kristinsson og Guðmundur Karl Úlfarsson yfir grindum

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir ÍR keppti í 100 m, 200 m og 4x100 m boðhlaupi. Hún náði 6. sæti í 100 m hlaupinu á tímanum 12,03 sek. Í 400 m hlaupi varð hún 5. á 56,34 sek.

Guðbjörg Jóna gerði sér svo lítið fyrir og vann silfurverðlaun í 200 m hlaupi á tímanum 23,87 sek, en vindur í hlaupinu var hinsvegar of mikill eða +2,9 m/s.

Birna Kristín Kristjánsdóttir Breiðabliki bætti sig í 100 m hlaupi er hún hljóp á tímanum 12,54 sek (+1,4 m/s). Hildigunnur Þórarinsdóttir ÍR keppti í þrístökki. Hún

stökk 11,90 m og hafnaði í 6. sæti.

Íslenska stúlknasveitin keppti í 4x100 m boðhlaupi og vann til silfurverðlauna á 46,56 sek sem er bæting á aldursflokkametri í flokki 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára. Sveitina skipuðu þær Tiana Ósk, Birna Kristín, Helga Margrét og Guðbjörg Jóna.

Guðmundur Smári Daníelsson UMSE keppti í þrístökki og stökk hann 13,50 metra, en vindur var yfir leyfilegum mörkum (+5,5 m/s).

Mímir Sigurðsson FH varð í 7. sæti í kringlukasti þegar hann kastaði 50,42 m.

Tiana Ósk Whitworth ÍR náði 8. sæti í 200 m hlaupi á 24,56 sek.

Hilda Steinunn Egilsdóttir FH varð í 7. sæti í stangarstökki er hún stökk yfir 3,50 m.

Irma Gunnarsdóttir Breiðabliki náði 6. sæti í langstökki er hún stökk 5,62 m í aðeins of miklum meðvindi.

Tvenn silfurverðlaun og flottur árangur hjá krökkunum og framtíðin sannarlega björt.

NM í víðavangshlaupum

NM í víðavangshlaupum fór fram í Middelfart í Danmörku þann 11. nóvember.

Ísland sendi fjóra keppendur að þessu sinni, einn í hverjum flokki. Fararstjóri og þjálfari var Burkni Helgason. Keppt var í fjórum flokkum á mótinu: U20 ára flokki stúlkna og pílta sem og í flokki fullorðinna í karla- og kvennaflokki.

Bestum árangri íslensku fulltrúanna náði Baldvin Þór Magnússon en hann varð 5. í ungarlaflokki (U20) af 64 keppendum er hann hljóp 6 km á 19:15 mín, aðeins 26 sekúndum á eftir sigurvegaranum.

Arnar Pétursson ÍR endaði í 15. sæti í karlaflokki af Norðurlandabúunum en í 29. sæti af heildarfjölda

keppenda sem voru 100 talsins. Hann hljóp 9 km á tímanum 31:46 mín og var 2:45 mín á eftir fyrsta manni í mark.

Andrea Kolbeinsdóttir ÍR varð 13. í ungvænnaflokki (U20) af 49 keppendum, hljóp 4,5 km á tímanum 18:48 mín, 52 sek á eftir sigurvegaranum.

Helga Guðný Elíasdóttir Fjölni endaði 37. sæti af 50 keppendum í kvænnaflokki. Hún hljóp 7,5 km á tímanum 34:30 mín.



SKÝRSLUR NEFNDA FRÍ

Dómaranefnd

Dómaranefnd FRÍ hefur starfað síðan á Frjálsíþróttabingi vorið 2016, þegar ákveðið var að stofna sérstaka dómaranefnd í stað tækninefndar og færa mannvirkjamál í nýja móta- og mannvirkjanefnd. Tækninefndin sem hafði verið við lýði árin þar á undan hafði auk dómaramála einnig mannvirkjamálin á sinni könnu. Síðustu tvö ár hafa fyrst og fremst reyndustu frjálsíþróttadómarar okkar skipað nefndina sem jafnframt eru tilbúnir til að taka að sér starf yfirdómara á mótum þeim sem FRÍ skipar yfirdómara. Þessir einstaklingar hafa gegnt störfum yfirdómara síðan 2016: Guðmundur Víðir Gunnlaugsson, Gunnhildur Hinriksdóttir, Katrín Sveinsdóttir, Magnús Jakobsson, Rósa Marinósdóttir, Sigurður Haraldsson og Þorsteinn Þorsteinsson. Þetta eru þau sömu og gegndu störfum yfirdómara tímabilið 2014-2016.

Þróun sem byrjaði fyrir u.þ.b. sex árum ár hefur verið sú að þeim fjölgar sífellt mótunum sem FRÍ skipar yfirdómara á og var síðasta tímabil engin undantekning. Auk meistaramóta á öllum aldurstigum þá eru einnig Landsmót UMFÍ, Unglingalandsmót UMFÍ og Landsmót 50+, bikarkeppnir og sótt er eftir aðkomu FRÍ að dómaramálum á enn fleiri mótum.

Auk þess hefur nefndin með höndum dómarafræðslu, þ.e. að halda reglulega dómara námskeið. Tveir

nefndarmenn í dómaranefndinni, Þorsteinn Þorsteinsson og Sigurður Haraldsson, hafa séð um kennsluna á námskeiðunum, yfirleitt með því að skipta tveggja daga námskeiðunum á milli sín. Ef dómara námskeið eru haldin utan höfuðborgarsvæðisins er að jafnaði aðeins annar þeirra tveggja sem kenna heilt námskeið. Á árunum 2016 og 2017 voru haldin átta námskeið, fjögur voru á höfuðborgarsvæðinu og fjögur utan þess, á mótum fjórum námskeiðum 2014-2016. Alls tóku héraðsdómarapróf 86 manns og að auki þrír sem sátu fyrirlestrana, en á fyrra tveggja ára tímabili voru 30 sem tóku prófið. Að undanfögnu hefur verið boðið upp á þann möguleika að taka aðeins hluta af héraðsdómaranámsskeiði og fá síðan titil greinastjóra, t.d. í hlaupum, stökkum eða köstum. Hingað til hafa allir sem sækja námskeiðin tekið þau í heild sinni. Fjölgun frá fyrra tímabili er veruleg og vonandi skilar þessi fjölgun fleiri virkum dómurum á völlinn í framtíðinni. Þessi viðsnúningur er að sjálfsgöðu mikill og vonandi bætir það frjálsíþróttamótin í framtíðinni. Það er einnig umtalsverð vinna sem nefndarmenn í dómaranefndinni leggja af mörkum við alþjóðleg mót, sem nú eru árlegir atburðir, svo sem Reykjavík International Games (RIG). Aðrir alþjóðlegir viðburðir á borð við Reykjavíkummarþon eru nú komnir á dagskrá dómaranefndar FRÍ og stjórnar FRÍ að skipa yfirdómara. Nefndarmenn dómaranefndar FRÍ hafa verið og munu í framtíðinni gegna lykilhlutverki við undirbúning og framkvæmd annarra alþjóðlegra frjálsíþróttamóta, svo sem Evrópukeppni landsliða og

frjálsíþróttahluta Smáþjóðaleikanna. Þá má geta þess að hafnar eru viðræður milli dómarnefndarinnar og langhlaupanefndar FRÍ um samvinnu í málum sem snerta báðar nefndirnar, m.a. hvaða kröfur þurfi að gera til dómara í utanvallahlaupum í því augnamiði að FRÍ viðurkenni og skrái árangur keppenda í þeim hlaupum.

Síðast en ekki síst ber að nefna að á verkefnaskrá dómarnefndarinnar er að uppfæra keppnisreglur Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (IAAF), en reglurnar eru endurskoðaðar á tveggja ára fresti. Síðasta endurskoðunin kom á heimasíðu FRÍ vorið 2016 og von er á nýrri uppfærslu fyrir utanhússkeppnistímabilið á sumri komandi.

Það er vonandi að dómarnefndin haldi áfram að sinna sínu meginhlutverki, þ.e. að mennta og viðurkenna héraðsdómara í frjálsíþróttum auk þess að skipa í samvinnu við stjórn FRÍ yfirdómara á helstu mót í íþróttinni. Það er og verkefni nefndarinnar að vera stjórn FRÍ og öðrum nefndum sambandsins til ráðgjafar hvað snertir dómgæslu og framgang móta eftir því sem tök eru á. Til að dómara starfið sé ákjósanlegt og brottfall minna en raunin er þarf að leita frekari leiða til að gera það eftirsóknarvert. Ætti það að vera meðal verkefna dómarnefndarinnar á næstu árum.

Þorsteinn Þorsteinsson,
formaður dómarnefndar

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Skipað var í fræðslu- og útbreiðslunefnd FRÍ á vordögum 2017. Lítið gerðist í störfum nefndarinnar fyrr en undir lok árs að ákveðið var að vera með málþing í ársbyrjun 2018 um frjálsíþróttir barna og unglunga, þá helst 11-14 ára flokkinn. Til undirbúnings var send út nafnlaus netkönnun sem þjálfarar, stjórnarmenn og áhugafólk um frjálsar var beðið um að svara. Netkönnunin var fyrst og fremst hugsuð til þess að kanna bakgrunninn; hver afstaða svarenda

væri til ýmissa álitamála sem snúa að þessum aldurshópi. Helstu niðurstöður könnunarinnar gáfu til kynna að margar skoðanir eru á lofti og eiginlega nauðsynlegt að FRÍ marki sér stefnu varðandi barna- og unglingastarf. Slík stefna verður þó ekki til á einni nóttu og var ljóst af málþinginu að vanda þarf til verka og líta til margra þátta þannig að sátt sé um stefnuna og hún líkleg til þess að styðja við og stuðla að áframhaldandi frjálsíþróttaiðkun barna og unglunga, þannig að fleiri iðkendur skili sér upp í eldri unglingaflokka og fullorðinsflokki.

Nefndin hefur einnig á sinni könnu að koma aftur í gang þjálfaramenntun sem hefur verið í bið í nokkurn tíma nú sökum þess að Alþjóða frjálsíþróttasambandið (IAAF) fór í endurskoðun á sínu þjálfarakerfi og fræðsluefni, en það er það kerfi sem FRÍ notar. Það ferli tekur einhvern tíma þar sem kennarar á IAAF námskeiðum þurfa að taka námskeið á vegum IAAF sem votta að þeir séu hæfir til að kenna efnið, allt til þess að viðhalda ákveðnum staðli. Er nú m.a. beðið eftir því að slíkt kennaranámskeið verði haldið. Án þess að lofa neinu vænti ég þess að þjálfaranámskeið geti farið aftur í gang á haustmánuðum ársins.

Gunnhildur Hinriksdóttir,
formaður fræðslu- og útbreiðslunefndar

Sæmundur, Kristinn og Hugji kljást



Íþróttta- og afreksnefnd

Í hverju fólust helstu verkefni nefndarinnar á starfstímanum?

Verkefni ÍPA á starfstímabilinu hafa að mestu snúist um val á keppendum á mót á vegum Frjálsíþróttasambandsins, ber þar helst að nefna val landsliðs á Evrópubikar, Smáþjóðaleika, Evrópubikar í fjölþraut, Norðurlandamót innanhúss og stóru mótin EM inni og HM úti. Ásamt því að tilnefna Frjálsíþróttakarlar og -konu ársins, aðstoða við val keppenda á RIG leika og fleiri tilfallandi verkefni. Auk þessara verkefna hefur nefndin átt í mjög góðu samstarfi við Guðmund Karlsson afreksstjóra og hlakkar nefndin til frekara samstarfs við hann.

Hvað er nefndin ánægðust með af starfi sínu á tímabilinu?

Nefndin er hvað ánægðust með jákvæð og góð samskipti við þjálfara og forsvarsmenn íþróttafélaga. Að öllu jöfnu hefur gengið vel að fá upplýsingar hratt og fljótt, því oft eru málin unnin í tímapressu og reynir oft mikið á þjálfara að svara fljótt.

Hvað ætti nefndin helst að afreka á næsta starfstímabili?

Auk þess að sinna sínum föstu verkefnum langar okkur að fara í stefnumótun með íþróttastjóra um framtíðarsýn varðandi íþróttta- og afreksmál hjá sambandinu. Að halda vinnustofu varðandi framtíðarsýn bæði með þátttakendum úr ÍPA, þjálfarateymi FRÍ og kannski ennfremur formönnum frjálsíþróttadeilda/-félaga á Íslandi. Inni í þeirri vinnustofu væru góðir fyrirlesarar og eftirfylgni af hálfu íþróttastjóra og ÍPA.

*Magnús Valgeir Gíslason,
formaður Íþróttta- og afreksnefndar*

Íþróttamannanefnd

Íþróttamannanefnd FRÍ samanstendur af sex íþróttamönnum frá fimm félögum víðsvegar af landinu. Verkefni nefndarinnar fólust í því að veita Frjálsíþróttasambandinu álit á ýmsum málefnum er varða íþróttamenn. Íþróttamannanefndin kom að því að segja sitt álit á hvernig best væri staðið að nýjum búningum. Einnig tóku tveir meðlimir nefndarinnar að sér að sjá um fræðslu á frjálsíþróttum fyrir félag á landsbyggðinni.

Heilt yfir er ánægja með komandi búninga og því tilsettum árangri náð. Einnig var almenn ánægja með fræðsluna og væri það almennt frjálsíþróttum til uppdráttar ef það yrði aukið og gert á skipulagðan hátt. Það sem betur mætti fara er að skilgreina hlutverk íþróttamannanefndar svo það sé skýrt. Ef sú skilgreining er til þá mætti upplýsa nefndarmenn um það hlutverk. Ætla má að verkefni nefndarinnar fari eftir því hvað fellur til hverju sinni og hvort einhverju sé ábótavant að mati íþróttamanna. Telja má að hægt væri að sinna störfum betur ef meira aðhald væri utan um nefndina og möguleiki væri fyrir hana að hittast og ræða hvað megi betur fara með fulltrúa frá FRÍ.

*Hrafnhild Eir R. Hermóðsdóttir,
f.h. íþróttamannanefndar*

Laganefnd

Laganefnd FRÍ 2016-2018 skipuðu Ásbjörn Karlsson formaður, Linda Björk Bentsdóttir og Sigurður Haraldsson. Tengiliður stjórnar og nefndar var Gunnar Svavarsson. Nefndin hélt 2 formlega fundi, en vegna dreifðrar búsetu fóru nær öll samskipti innan nefndarinnar fram um tölvur eða síma.

Á Frjálsíþróttapiingi 2016 voru gerðar breytingar á lögum FRÍ, á 18. og 19. gr. laganna um fastanefndir FRÍ og verkefni þeirra. Þá var einnig bætt inn í löginn nýrri grein, 20. gr., um Formannafund FRÍ. Allmargar reglugerðarbreytingar voru einnig samþykktar á Frjálsíþróttapiingi 2016. Það voru því fyrstu verk

nefndarinnar, að uppfæra lög og reglugerðir og búa til birtingar á vefsíðu FRÍ.

Skv. lögum og reglugerðum FRÍ er hlutverk laganefndar að vera stjórn FRÍ til ráðgjafar er varðar laga- og stjórnsýsluleg málefni og málsmeðferð vegna kærumála. Nokkrum málum af þessum toga beindi stjórn til umsagnar nefndarinnar, sem gaf álit sín til stjórnar. Auk þess hafa einstaklingar leitað til nefndarinnar eftir skýringum á laga- og reglugerðarákvæðum.

Nefndin hefur einnig á fundi yfirfarið tillögur, sem lagðar verða fyrir 61. Frjálsþróttaping 2018.

Rætt hefur verið um að endurskoðunar sé þörf á ýmsum reglugerðum, m.a. með tilliti til breytinga á alþjóðareglum. Laganefnd mun væntanlega koma að þeirri vinnu með stjórn og öðrum nefndum á komandi starfstímabili.

*Ásbjörn Karlsson,
formaður laganefndar*

Langhlaupanefnd

Í hverju fólust helstu verkefni nefndarinnar á starfstímanum?

- Gera reglur og verklag sýnilegt:
 - Valreglur landsliðsverkefna, landslið valið til keppni í heimsmeistaramóti í fjallahlaupum
 - Reglur og umsóknarform fyrir mælingar hlaupa
- Námskeið fyrir þjálfara hlaupahópa
- Námskeið fyrir mælingamenn
- Tiltekt í lista yfir mæld hlaup
- Meistaramót FRÍ í 5 km, 10 km, hálfu og heilu maraþoni
- Þátttaka í ráðstefnu EAA um 'hlaupabusinessinn'
- Þjónusta við hlaupahaldara:
 - Mælingar brauta
 - Þjálfun viðurkenndra mælingamanna
 - Utanumhald mældra brauta, þ.m.t. endurmælingar
 - Meistaramótin
 - Reglur og aðstoð við framkvæmd
 - Val á samstafsaðilum
 - Samráðsfundur með hlaupahöldurum

undir yfirskriftinni "Hvað getur FRÍ gert fyrir hlaupahaldara"

Hvað er nefndin ánægðust með af starfi sínu á tímabilinu?

Nefndin er ánægð með að hafa skýrt hinar ýmsu starfsreglur um langhlaup og ekki síst að hafa lagt fram drög að nýjum reglur um Meistaramót í götuhlaupum. Einnig er nefndin sérstaklega ánægð með að hafa staðið fyrir námskeiði fyrir mælingamenn, hópurinn telur núna um 10 manns í stað 2 áður.

Hvað ætti nefndin helst að afreka á næsta starfstímabili?

Nefndin leggur fram nýjar reglur um götuhlaup á Frjálsþróttapingi 2018 og mun þurfa að fylgja þeim eftir með ýmsum hætti, að því gefnu að þær verði samþykktar. Það þarf m.a. að kynna þær fyrir hlaupahöldurum, standa fyrir námskeiðum brautarvarða og fjölga í hópi dómara og eftirlitsmanna. Einnig mun nefndin vinna að gæðavottun hlaupa (t.d. Running4All) og útbúa leiðbeiningar um framkvæmd fjallahlaupa.

*Sigurður Þórarinsson,
formaður langhlaupanefndar*

Móta- og mannvirkjanefnd

Helstu verkefni nefndarinnar fólust í að gera mótaskrá fyrir árin 2017 og 2018.

Mótaskráin er tilbúin fyrir sumarið 2018 og hefur ekki verið tilbúin svo snemma áður.

Þá hefur nefndin svarað fyrirspurnum vegna mótahalds og vallarkrafa frá aðildarfélögum og tekið út velli miðað við kröfur til keppni.

Varðandi framtíðarsýn móta- og mannvirkjanefndar þá þyrfti að skipta nefndinni upp í tvær nefndir aftur, verkefni eru mjög ólík.

Varðandi framtíðarsýn, þá þyrfti mótaskrá að liggja fyrir 2 ár fram í tímann svo að hægt sé að fá velli og aðstöðu mjög tímanlega.

Einnig þarf að fara í heildræna skoðun á keppnisvöllum m.t.t. reksturs þeirra.

Sigurður Haraldsson,
formaður móta- og mannvirkjanefndar

Orðunefnd

Orðunefnd FRÍ hefur átt gott starfstímabil. Samkvæmt lögum er formaður FRÍ einnig formaður nefndar. Því var nefndin þannig skipuð á starfstímabilinu að formaður var Freyr Ólafsson en meðstjórnendur Magnús Jakobsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Þrír fundir voru haldnir á starfstímabilinu. Þess fyrir utan stillti nefndin saman strengi sína í tilfallandi spjalli en þó fyrst og fremst með tölvupósti.

Nefndin samþykkti tilnefningar sem afhentar voru á afmælisþingi ÍBH í Hafnarfirði þar sem Gunnar Svavarsson afhenti verðugum fulltrúum heiðursmerki. Þá voru frumkvöðlum að Powerade Vetrarhlauparöðinni afhentar viðurkenningar þegar hundraðasta Vetrarhlaupið fór fram.

Ákveðinn hápunktur á starfstímabilinu var við opnun sýningar um Hrein Halldórsson kúluvarpara, en þar var hann sæmdur heiðurskrossi FRÍ. Aðeins fjórir bera nú það heiðursmerki.

Á tímabilinu var gengið í að uppfæra og koma í eitt skjal yfirliti yfir orðuhafa FRÍ. Nú má nálgast listann á einum stað [á vefnum](#). Hefur nefndin hug á að halda áfram og uppfæra yfirlitið enn frekar á komandi starfstímabili.

Eitt stærsta verkefni nefndarinnar var sú áskorun að velja úr mörgum góðum tilnefningum að heiðrunum sem fram fara á 61. Frjálsíþróttapeingi í Kópavogi og leggja fyrir stjórn. Samkvæmt venju verður engu ljóstrað upp fyrr en við stóru stundina sjálfa, þingsetningu í Kópavogi.

Freyr Ólafsson,
formaður orðunefndar

Skráningarnefnd

Nefndarmenn: Stefán Þór Stefánsson (form.), Friðrik Þór Óskarsson, Atli Örn Guðmundsson, Helgi Björnsson, Sigurjón Þorsteinsson, Herdís Helga Arnalds.

Í hverju fólust helstu verkefni nefndarinnar á starfstímanum?

- Sjá um nákvæma og tímanlega skráningu afreka í frjálsíþróttum og ýmsum hlaupum á Íslandi
- Veita þjónustu á sviði mótahalds: Uppsetning móta, skráningar, úrslitavinnsla, skýrslur, úrvinnsla
- Útvega afrekalista fyrir EAA og IAAF
- Greining nefndar á núverandi móta- og afrekakerfinu Þór
- Marka verkefni og forgangsraða þeim
- Friðrik Þór tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu Evrópusambandsins um afrekaskráningar og kerfi. Þar er Ísland listað í hópi þjóða sem eru að gera góða hluti varðandi skil á afrekum inn í heildargagnagrunn Evrópu. Ýmis metnaðarfull verkefni í gangi og Ísland stefnir á að komast á efsta stig í veitingum gagna yfir í kerfið.

Hvað er nefndin ánægðust með af starfi sínu á tímabilinu?

- Móta- og afrekakerfið Þór heldur áfram að vaxa og dafna
- Nefndin náði að halda marga góða fundi fyrri hluta árs 2017, nefndin fékk ágæta innsýn í Þór kerfið og hugmyndir um nýjar útfærslur og gagnanýtingu komu fram.

Hvað ætti nefndin helst að afreka á næsta starfstímabili?

- Gera Þór kerfið enn notendavænna fyrir félögin
- Koma fram með nýjar lausnir:
 - Skráningarviðmót fyrir afrek íþróttafólks erlendis (taka á móti afrekum, með link á úrslit, staðfesta og skrá)
 - Prófls lausn: Sýna helstu afrek og upplýsingar um íþróttamann (þjóða upp á sem i hlut í vefsíður)
 - Fjölbreyttari kosti í að fylgjast með úrslitum: Notendur geti gerst "áskrifendur" að sínu fólki, sérstaklega meðan á móti stendur

Stefán Þór Stefánsson,
formaður skráningarnefndar

Unglinganefnd

Ný stjórn tók til starfa í lok maí 2016. Var hún til að byrja með skipuð eftirtöldum:

- **Aðalheiður María Vigfúsdóttir** – formaður
- **Haraldur Úlfarsson**
- **Súsanna B. Helgadóttir**
- **Kolbeinn Höður Gunnarsson** (lét af störfum er hann fór í háskólanám erlendis haustið 2016)

Stjórnarmeðlimir fundu fljótt að þeir væru mjög samstíga og samstarfið hefur verið með eindæmum gott þessi tvö ár. Nefndarmönnum hefur verið frjálst að vera ósammála, koma sínum skoðunum á framfæri og ávallt leitast við að finna lausn sem allir gætu verið sáttir við. Það var þó ekki auðvelt að taka til starfa vorið 2016 þar sem miklar mannabreytingar voru bæði á skrifstofu FRÍ og í stjórn FRÍ. Það sem nefndinni þótti helst vanta voru skriflega vinnureglur og yfirlit yfir helstu dagsetningar, t.d. hvenær ætti að skrá á móti o.s.frv. Fyrsta sumarið fór því að mestu í að setja sig inn í starfið og tryggja að utanumhald um alþjóðleg stórmót ungmenna væri sómasamlegt. Vill nefndin þakka Jóneyju sem var þá starfsmaður á skrifstofu FRÍ sérstaklega fyrir samstarfið hvenær sem var sólarhrings þetta sumar.

Haustið 2016 fór í stefnumótun. Nefndin skrifaði upp vinnuramma sem lýsir því hvernig skuli haldið utanum unglingsstarf hjá FRÍ. Send var út skoðanakönnun á Facebook þar sem iðkendum, þjálfurum og forráðamönnum gafst tækifæri til að koma sínum ábendingum og óskum á framfæri. Rauði þráðurinn í vinnuramma unglingsnefndar er gagnsæi og sanngirni. Nefndin vildi að það væru skýrar reglur sem lægju fyrir tímanlega og allir vissu hverjar þær væru. Nefndin vildi líka að hugað væri vel bæði að fjöldanum og hinum ungu og efnilegu sem stefndu á stórmót. Það fer enginn einn á toppinn og sumir toppa seinna. Því er ekki síður mikilvægt á þessum aldri að huga að félagslegu hliðinni en ekki bara árangri á stórmótum. Þá var einnig leitast við að leyfa þjálfurum og forráðamönnum að fylgjast vel með starfi okkar og því sem er framundan.

Þessum vinnuramma var fylgt vorið og sumarið 2017. Haldnar voru æfingabúðir fyrir úrvalshóp FRÍ í apríl sem heppnuðust vel að sögn þátttakenda. Guðmundur Karlsson kom til starfa sem framkvæmdastjóri FRÍ og var það mikill fengur fyrir sambandið að mati unglingsnefndar. Samstarfið við Mumma hefur gengið mjög vel frá fyrsta degi og þakkar nefndin honum kærlega fyrir. Ungmennin sáu síðan um að gera sumarið 2017 stórkostlegt. Það náðist frábær árangur á öllum mótum og hefur Ísland sjaldan eða aldrei mætt með svo marga keppendum á alþjóðleg stórmót í ungmennaflokki líkt og þetta sumar.

Það er óhætt að segja að það hefur ekki verið létt né lítið verk að vilja sinna unglingsstarfinu af slíkum metnaði. Nefndarmenn hafa lagt á sig mikla vinnu í sjálfböðastarfi. Liggja yfir úrslitum móta og afrekalistum til að taka saman lista yfir þá sem hafa náð lágmarkum í úrvalshóp, stórmótahóp og/eða alþjóðleg stórmót. Uppfæra og/eða búa til ný lágmark í úrvalshóp, stórmótahóp, á NM í þraut og NM 20-22 ára. Halda æfingabúðir fyrir úrvalshóp og halda kynningarfundum með keppendum og forráðamönnum fyrir hverja einustu ferð á stórmót erlendis. Halda úti Facebook-síðu þar sem nefndin leitaðist við að setja inn fréttir af því helsta sem var að gerast hjá ungmennunum okkar. Íþróttafréttamönnum var boðið að fylgjast með Facebook-síðunni og var virkilega ánægjulegt að sjá fréttir af ungu frjálsíþróttafólki aukast á síðum blaðanna síðasta sumar.

Ein helsta áskorun nefndarinnar hefur verið að fá þjálfara til að gefa af tíma sínum. Þjálfarar eru oft að sinna miklu starfi innan sinna félaga og því hefur reynst erfitt að manna þjálfara í æfingabúðum og einstaka keppnisferðum erlendis. Þá var einnig fjármagn takmarkað. Það var því ekki hægt að styðja jafn vel við ungmennin líkt og nefndin hefði viljað. Nefndin telur að það þurfi að fylgja stórmótahópi betur eftir með t.d. sjúkrapjálfun og íþróttasálfræði. Þá telur nefndin einnig að það muni efla unglingsstarf FRÍ ef boðið væri upp á fleiri æfingabúðir fyrir úrvalshóp FRÍ, a.m.k. tvennar á ári. Vonumst við þó til að breytt styrkjaform á afreksstyrk ÍSÍ muni hafa jákvæð áhrif á starfsemi nefndarinnar með auknu fjármagni til unglingsmála.

Þá telur nefndin að það ætti að skoða hvort þjálfarar væru jákvæðari gagnvart því að fara í keppnisferðir fái þeir greidda dagpeninga í ferðum.

Unglinganefnd FRÍ maí 2016-mars 2018 telur sig hafa lagt sig alla fram um að gera frjálsar að skemmtilegri íþrótt fyrir íslensk ungmenni. Til að skila enn betri árangri myndi nefndin þó gjarnan vilja sjá fjölga á skrifstofu FRÍ og þá sérstaklega að þangað inn kæmi einhver sem gæti verkefnastýrt og haldið utanum unglíngastarfið af metnaði. Þá vonar nefndin líka að með nýjum samningi við Nike verði bjartari tímar í fatamálum. Oftar en ekki var verið að skrapa saman fatnaði hér og þar á síðustu stundu og líma yfir úreltar auglýsingar. Það myndi auðvelda líf nýrrar stjórnar mikið ef þessu tvennu væri kippt í lag. Annars þakkar nefndin kærlega fyrir sig, þetta hefur verið skemmtileg og gefandi nefndarseta. Nefndin er því tilbúin að gefa kost á sér til starfa aftur sé eftir því óskað - að formanninum undanskildum.

*Aðalheiður María Vigfúsdóttir,
formaður unglínganefndar*



Öldungaráð

Inngangur

Af hálfu FRÍ var óskað eftir að fastanefndir sambandsins, þar á meðal öldungaráð, tækju saman nokkra punkta í starfsskýrslu stjórnar FRÍ sem kynnt yrði á Frjálsíþróttapeingi 23.-24. mars 2018. Nánar tiltekið var óskað eftir því að eftirfarandi spurningum yrði svarað:

1. Í hverju fólust helstu verkefni nefndarinnar á starfstímanum.
2. Hvað er nefndin ánægðust með af starfi sínu á tímabilinu?
3. Hvað ætti nefndin helst að afreka á næsta starfstímabili?

Hér á eftir getur að líta stutt yfirlit yfir starfsemi öldungaráðs á starfstímanum og hugleiðingar um verkefni ráðsins á næsta starfstímabili, með hliðsjón

af framangreindum spurningum.

Starfsemi Öldungaráðs frá maí 2016 til mars 2018

Formaður Öldungaráðs var kosinn á Frjálsíþróttapingi 1. maí 2016 og aðrir nefndarmenn valdir af stjórn FRÍ seinna í sama mánuði. Formaður var Þorsteinn Magnússon og aðrir nefndarmenn Hafsteinn Óskarsson, Jón Bjarni Bragason, Berglind Gunnarsdóttir, Óskar Hlynsson og Friðrik Þór Óskarsson. Samkvæmt lögum FRÍ hefur ráðið „með höndum tillögugerð um skipulag og framkvæmd öldungamóta innanlands og þátttöku á öldungamótum erlendis“ og „vinnur að eflingu fullorðinsfrjálsra á landsvísu á ýmsum getustigum, tengir saman starfandi hópa og hvetur áfram.“ Ákvæðinu er varðar eflingu fullorðinsfrjálsra á landsvísu var bætt inn í lög sambandsins á síðasta Frjálsíþróttapingi í því skyni að hvetja ráðið til dáða í þeim efnum, þar sem mikil vannýtt tækifæri biðu hvað það varðar.

Öldungaráð fundaði sjö sinnum á starfstímanum og samskipti vegna einstakra mála fóru auk þess fram í nokkrum mæli með tölvupóstum milli nefndarmanna. Helstu verkefni nefndarinnar á tímabilinu má flokka með eftirfarandi hætti:

■ Aðstoð við undirbúning og framkvæmd öldungamóta innanlands

Keppnisgreinar á Meistaramóti öldunga utanhúss eru ákveðnar af Öldungaráði og ákvarðanataka um fjölgun eða fækkun keppnisgreina á Meistaramóti öldunga innanhúss er einnig í höndum Öldungaráðs. Í flestum tilvikum sáu liðsmenn ráðsins um pöntun á verðlaunagripum vegna Meistaramóta Íslands í flokkum öldunga innan- og utanhúss, merkingu verðlaunapeninga og afhendingu þeirra. Þá veitti ráðið viðurkenningar fyrir bestu afrek í flokkum karla og kvenna á Meistaramótum öldunga innan- og utanhúss. Enn fremur var framkvæmd vormóta öldunga alfarið í höndum Öldungaráðs.

■ Veiting viðurkenninga fyrir árangur á alþjóðlegum stórmótum

Öldungaráð ákvað að veita sérstakar viðurkenningar til þeirra öldunga sem unnu til verðlauna á heims-

eða Evrópumeistaramótum á starfstímanum og jafnframt til þeirra sem unnu til gullverðlauna á Norðurlandamótum. Viðurkenningarnar voru veittar í kaffisamsæti sem haldið var 29. ágúst 2016 og á uppskeruhátíð FRÍ 1. desember 2017. Á starfstíma nefndarinnar vann Jón S. Ólafsson Breiðabliki til bronsverðlauna í stangarstökki í flokki 60–64 ára á heimsmeistaramóti öldunga utanhúss í Perth í Ástralíu 2016 og einnig á heimsmeistaramóti öldunga innanhúss í Daegu í Suður-Kóreu 2017. Þá vann Fríða Rún Þórðardóttir ÍR bronsverðlaun í 4 km víðavangshlaupi í flokki 45–49 ára á Evrópumeistaramóti öldunga utanhúss í Árósum í Danmörku 2017 og Hafsteinn Óskarsson ÍR vann bronsverðlaun í 1500 m hlaupi í flokki 45–49 ára á sama móti. Jón S. Ólafsson Breiðabliki vann gullverðlaun í stangarstökki í flokki 60–64 ára á Norðurlandameistaramótinu innanhúss í Huddinge í Svíþjóð 2017 og Helgi Hólm ÍR vann sömuleiðis til gullverðlauna í hástökki í flokki 75–79 ára á sama móti.

■ Aðstoð við íslenska keppendur á mótum erlendis og seta á fundum vegna alþjóðasamstarfs

Meðlimir Öldungaráðs sáu um að staðfesta fyrir hönd FRÍ skráningar íslenskra öldunga á stórmót erlendis og veittu þeim aðstoð við skráningarnar eftir því sem þurfa þótti, sem og aðstoð við bókun gistingar, flugferða o.fl. Á þeim stórmótum þar sem meðlimir Öldungaráðs voru meðal keppenda voru þeir jafnan öðrum íslenskum keppendum innan handar með ýmislegt sem varðaði þátttöku þeirra á mótunum. Í tengslum við mótin voru gjarnan haldnir fundir sem vörðuðu fjölþjóðlegt samstarf um frjálsar íþróttir öldunga. Ef meðlimir Öldungaráðs voru meðal keppenda á mótunum tóku þeir jafnan einnig að sér að sitja umrædda fundi en í sumum tilvikum fengu aðrir keppendur þó þetta hlutverk í umboði ráðsins.

■ Kynningarmál

Í því skyni að vekja athygli á frjálsum íþróttum öldunga, mótum fram undan o.fl. opnaði Öldungaráð Facebook-síðu þar sem miðlað er upplýsingum þar að lútandi. Þegar þetta er ritað (14. mars 2018) hafa

rúmlega 250 manns líkað við síðuna sem ber heitið Frjálsíþróttir eldri iðkenda. Einnig hefur verið notast við póstlista með netföngum fólks sem tengist starfseminni með einhverjum hætti eða hefur sýnt henni áhuga. Enn fremur tók FRÍ í notkun nýja vefsíðu á starfstímanum. Öldungaráð nýtur góðs af því, þar sem á síðunni er að finna undir sérstökum lið ýmsar upplýsingar sem varða starfsemi ráðsins, svo sem fréttir af öldungamótum, upplýsingar um mót fram undan, þyngdir kastáhalda og hæðir grinda fyrir mismunandi aldursflokka og fleira.

Leitast var við að vekja athygli á stórmótum fram undan. Mest var lagt upp úr því að vekja athygli á framangreindu Evrópumeistaramóti utanhúss í Árósum 2017, meðal annars með útgáfu kynningarefnis sem dreift var á Meistaramóti öldunga innanhúss, snemma árs, og víðar. Tíu íslenskir keppendur tóku þátt í mótinu.

Á vettvangi Öldungaráðs hefur farið fram nokkur umræða um hugtakanotkun að því er varðar eldri iðkendur. Ljóst er að hugtakið „öldungur“ hugnast ekki öllum og að sumra mati væru önnur orð betur til þess fallin að laða að nýja iðkendur. Á vegum Öldungaráðs er nú lögð fyrir Frjálsíþróttaping tillaga um jöfnun lágmarksaldurs til þátttöku á öldungamótum, þannig að iðkendur af báðum kynjum geti orðið keppt á slíkum mótum hérlendis frá 30 ára aldri í stað þess að lágmarksaldur kvenna miðist við 30 ár og karla við 35 ár, eins og nú er. Jöfnun lágmarksaldursins gæti mögulega orðið til þess að taka mætti upp hugtök á borð við „frjálsíþróttir 30 ára og eldri“ í stað þess að vísa til frjálsra íþróttá „öldunga“ í daglegu máli.

■ Hvað er nefndin ánægðust með af starfi sínu á tímabilinu?

Þátttaka á meistaramótum öldunga innanhúss hefur verið góð á starfstímanum. Alls voru 83 keppendur skráðir til leiks á mótið 2017 í Kaplakrika, sem mun vera metþátttaka. Þá voru 68 skráðir til leiks á meistaramótið innanhúss 2018. Skráðir keppendur á meistaramót öldunga utanhúss voru nokkru færri 2016 og 2018, það er 35 hvort ár. Algengt var að

keppendur kepptu í fleiri en einni grein á umræddum mótum. Góð þátttaka á mótunum innanhúss er fagnaðarefni, þó að eflaust megi enn gera mun betur í þeim efnum.

Vert er að fagna góðum árangri nokkurra íslenskra keppenda á erlendum stórmótum á tímabilinu. Auk þess sem að framan er rakið hafa nokkrir íslenskir keppendur til viðbótar náð sætum framarlega á stórmótum erlendis eða árangri sem skipar þeim framarlega á heimslista viðkomandi árs í aldursflokknum eða framarlega á grundvelli samræmdra viðmiða á borð við hlutfall af reiknuðu heimsmeti miðað við viðkomandi aldur (svonefndri WMA prósentu). Þó svo að Öldungaráð eigi minnstan heiður af þeim afrekum hefur verið ánægjulegt að fá tækifæri til að aðstoða keppendurna, fagna árangri þeirra og veita þeim viðurkenningar fyrir hann.



■ Hvað ætti nefndin helst að afreka á næsta starfstímabili?

Fyrirsjáanlegt er að nokkur nýliðun verði í Öldungaráði í upphafi næsta starfstímabils. Núverandi formaður mun láta af störfum auk fleiri meðlima ráðsins. Ólíkt því sem tíðkast í sumum öðrum löndum eru öll verkefni Öldungaráðs unnin af sjálfboðaliðum. Það hlýtur alltaf að takmarka að einhverju leyti afkastagetu ráðsins og ljóst er að þeir sem veljast til þátttöku í ráðinu þurfa að hafa tíma aflögu til að sinna verkefnum þess.

Á næsta starfstímabili væri líklega æskilegt að unnið yrði í meira mæli að framangreindu markmiði um eflingu fullorðinsfrjálsra á landsvísu. Vegna annarra verkefna ráðsins, sem að framan hefur verið gerð skil, hefur ekki gefist eins mikill tími til að sinna því hlutverki ráðsins síðustu misserin eins og æskilegast hefði verið.

Gert er ráð fyrir að Norðurlandamót öldunga innanhúss fari fram á Íslandi árið 2021. Ætla má að það komi að einhverju leyti í hlut þess öldungaráðs sem nú tekur við að huga að undirbúningi vegna þess móts, meðal annars á vettvangi norræna öldungaráðsins (Nordic Masters Committee). Nær í tíma er Norðurlandamót öldunga utanhúss í Borås í Svíþjóð 6.-8. júlí 2018 og heimsmeistaramót öldunga utanhúss í Malaga á Spáni 4.-16. september 2018, auk móta hér innanlands. Það mun koma í hlut nýs Öldungaráðs að halda utan um þátttöku íslenskra keppenda á umræddum mótum og öðrum á starfstímanum.

*Þorsteinn Magnússon,
formaður öldungaráðs FRÍ*



ÍSLANDSMET 2016

Utanhúss

Konur

80 metra hlaup	10,08	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	2.7.2016	Gautaborg
300 metra hlaup	37,98	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	3.7.2016	Gautaborg
800 metra hlaup	2:00,14	Aníta Hinriksdóttir (1996) ÍR	17.8.2016	Rio de Janeiro
Langstökk	6,62	Hafðís Sigurðardóttir (1987) UFA	9.7.2016	Hilversum, NL
Kúluvarp 4kg b.h.	20,44	Irma Gunnarsdóttir (1998) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Kringlukast 1kg b.h.	52,91	Erna Sóley Gunnarsd. (2000) AFTURE	17.8.2016	Kópavogur
Sleggjukast (4,0 kg)	58,56	Vigdís Jónsdóttir (1996) FH	15.6.2016	Reykjavík
Sleggjukast (4,0 kg)	58,79	Vigdís Jónsdóttir (1996) FH	3.10.2016	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	58,82	Vigdís Jónsdóttir (1996) FH	19.10.2016	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	58,82	Vigdís Jónsdóttir (1996) FH	19.10.2016	Hafnarfjörður

Stúlkur 20-22 ára

80 metra hlaup	10,08	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	2.7.2016	Gautaborg
300 metra hlaup	37,98	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	3.7.2016	Gautaborg
400 metra hlaup	53,91	Arna Stefanía Guðmundsd.(1995) FH	23.7.2016	Akureyri
800 metra hlaup	2:00,14	Aníta Hinriksdóttir (1996) ÍR	17.8.2016	Rio de Janeiro
400 m gr. (76,2 cm)	57,14	Arna Stefanía Guðmundsd. (1995) FH	8.7.2016	Amsterdam, HOL
400 m gr. (76,2 cm)	56,08	Arna Stefanía Guðmundsd.(1995) FH	21.8.2016	Espoo, FIN
4x100 metra boðhl	48,18	Sveit ÍBR (2000) ÍR	31.7.2016	Borgarnes
4x100 metra boðhl	47,04	Iceland U20 (2000) ISL	13.8.2016	Hafnarfjörður
Kringlukast 1kg b.h.	52,91	Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000) AFTURE	17.8.2016	Kópavogur
Sleggjukast (4,0 kg)	58,56	Vigdís Jónsdóttir (1996) FH	15.6.2016	Reykjavík
Sleggjukast (4,0 kg)	58,79	Vigdís Jónsdóttir (1996) FH	3.10.2016	Hafnarfjörður
Sleggjukast (4,0 kg)	58,82	Vigdís Jónsdóttir (1996) FH	19.10.2016	Hafnarfjörður

Stúlkur 18-19 ár

80 metra hlaup	10,08	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	2.7.2016	Gautaborg
300 metra hlaup	37,98	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	3.7.2016	Gautaborg
4x100 metra boðhl	48,18	Sveit ÍBR (2000) ÍR	31.7.2016	Borgarnes
4x100 metra boðhl	47,04	Iceland U20 (2000) ISL	13.8.2016	Hafnarfjörður
Kúluvarp 4kg b.h.	20,44	Irma Gunnarsdóttir (1998) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Kringlukast (1,0 kg)	50,42	Thelma Lind Kristjánsdóttir (1997) ÍR	28.6.2016	Hafnarfjörður
Kringlukast 1kg b.h.	52,91	Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000) AFTURE	17.8.2016	Kópavogur
Spjót kast 600gb.h.	56,21	Irma Gunnarsdóttir (1998) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur

Stúlkur 16-17 ára

80 metra hlaup	10,08	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	2.7.2016	Gautaborg
100 metra hlaup	12,05	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	27.8.2016	Hafnarfjörður
200 metra hlaup	24,72	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	24.7.2016	Akureyri
200 metra hlaup	24,71	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	28.8.2016	Hafnarfjörður
300 metra hlaup	37,98	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	3.7.2016	Gautaborg
4x100 metra boðhl	48,18	Sveit ÍBR (2000) ÍR	31.7.2016	Borgarnes
4x100 metra boðhl	47,04	Iceland U20 (2000) ISL	13.8.2016	Hafnarfjörður
Kúluvarp 3kg b.h.	22,06	Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000) AFTURE	17.8.2016	Kópavogur
Kringlukast 1kg b.h.	52,91	Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000) AFTURE	17.8.2016	Kópavogur
Spjót kast 500g b.h.	49,90	Erna Sóley Gunnarsdóttir (2000) AFTURE	17.8.2016	Kópavogur

Stúlkur 15 ára

80 metra hlaup	10,08	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	2.7.2016	Gautaborg
100 metra hlaup	12,05	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	27.8.2016	Hafnarfjörður
200 metra hlaup	25,04	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	15.6.2016	Reykjavík
200 metra hlaup	24,72	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	24.7.2016	Akureyri
200 metra hlaup	24,71	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	28.8.2016	Hafnarfjörður
300 metra hlaup	37,98	Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir (2001) ÍR	3.7.2016	Gautaborg
2000 metra hindrun	9:26,46	Signý Hjartardóttir (2002) FJÖLNIR	15.6.2016	Reykjavík
Kúluvarp 3kg b.h.	17,38	Katharina Ósk Emilsdóttir (2001) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Kringlukast 1kg b.h.	28,51	Katharina Ósk Emilsdóttir (2001) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Sleggjukast (3,0 kg)	44,87	Hera Rán Örlygsdóttir (2001) KORMÁKUR	11.9.2016	Eidanger, NO

Stúlkur 14 ára

2000 metra hindr.	9,26,46	Signý Hjartardóttir (2002) FJÖLNIR	15.6.2016	Reykjavík
Þrístökk	11,33	Agla María Kristjánsdóttir (2002) BBLIK	23.8.2016	Kópavogur

Stúlkur 13 ára

80 m gr (76,2 cm)	12,43	Glódís Edda Puriðardóttir (2003) UFA	26.6.2016	Reykjavík
4x100 metra boðhl	53,64	Sveit UFA (2003) UFA	26.6.2016	Reykjavík
Hástökk	1,61	Eva María Baldursdóttir (2003) HSK	31.7.2016	Borgarnes

Karlar

100 metra hlaup	10,52	Ari Bragi Kárason (1989) FH	16.7.2016	Hafnarfjörður
Kringlukast 2kg b.h.	83,04	Guðni Valur Guðnason (1995) ÍR	17.8.2016	Kópavogur
Spjótkast 800g b.h.	71,51	Guðjón Kristinn Ólafsson (1978) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur

Piltar 20-22 ára

200 metra hlaup	21,19	Kolbeinn Höður Gunnarsson (1995) FH	6.6.2016	Skara, SWE
Kúluvarp 7,26 kg b.h.	18,02	Benjamín Jóhann Johnsen (1996) ÍR	17.8.2016	Kópavogur
Kringlukast 2 kg b.h.	83,04	Guðni Valur Guðnason (1995) ÍR	17.8.2016	Kópavogur
Sleggjukast (7,26 kg)	71,52	Hilmar Örn Jónsson (1996) FH	13.5.2016	Tallahassee, US
Sleggjukast (7,26 kg)	72,12	Hilmar Örn Jónsson (1996) FH	18.6.2016	Budapest, HUN
Spjótkast 800g b.h.	58,01	Benjamín Jóhann Johnsen (1996) ÍR	17.8.2016	Kópavogur

Piltar 18-19 ára

110 m grind (99,1 cm)	14,05	Tristan Freyr Jónsson (1997) ÍR	25.6.2016	Mannheim, DE
4x100 metra boðhl	42,27	Iceland (1997) ISL	13.8.2016	Hafnarfjörður
4x100 metra boðhl	42,90	Sveit FH (1997) FH	27.8.2016	Hafnarfjörður
Kúluvarp 6kg b.h.	21,35	Guðmundur Karl Úlfarsson (1998) Á	17.8.2016	Kópavogur
Kringlukast 1,75k b.h.	60,02	Ari Sigbór Eiríksson (1997) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Spjótkast 800g b.h.	57,99	Bjarki Rósantsson (1998) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Tugþr.U20 (Norðurl)	7468	Tristan Freyr Jónsson (1997) ÍR	20.7.2016	Bydgoszcz, PL

Piltar 16-17 ára

Kúluvarp 5kg b.h.	19,06	Reynir Zoëga (1999) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Kringlukast 1,5kg b.h.	45,56	Reynir Zoëga (1999) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur
Spjótkast 700g b.h.	60,38	Reynir Zoëga (1999) BBLIK	17.8.2016	Kópavogur

Piltar 15 ára

100 m grind (84 cm)	14,09	Ragúel Pino Alexandersson (2001) UFA	28.8.2016	Hafnarfjörður
300 m grind (76,2 cm)	40,70	Ragúel Pino Alexandersson (2001) UFA	27.8.2016	Hafnarfjörður

Piltar 14 ára

80 m grind (84 cm)	11,88	Hákon Birkir Grétarsson (2002) SELFOSS	3.7.2016	Gautaborg
--------------------	-------	----------------------------------------	----------	-----------

Piltar 13 ára

Hástökk	1,70	Kristján Viggó Sigfinnsson (2003) Á	25.5.2016	Helsinki, FIN
Hástökk	1,73	Kristján Viggó Sigfinnsson (2003) Á	1.7.2016	Gautaborg

Piltar 12 ára

